



Þessir strákar létu bleytuna í miðbæ Reykjavíkur í gær ekki hafa áhrif á sig heldur skelltu sér í körfubolta en skipulagðar íþróttæfingar liggja nú niðri vegna samkomubanns. Þótt apríl-mánuður sé runninn upp virðist vorið ætla að láta bíða eftir sér eitthvað lengur. Það eru bláar tölur í veðurkortunum á næstunni í nánast í öllum landshlutum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Söluhagnaðurinn í systurfélagi

Áttfalt hærri kostnaður

Eigendur VHE hafa byggt upp yfir 300 milljóna eigið fé í systurfélaginu Nesnúpi sem á lóðir þar sem VHE byggir. VHE ekki greitt arð frá hruni vegna skuldastöðu. Arðgreiðslur út úr Nesnúpi nema 40 milljónum.

VIÐSKIPTI Eigendur VHE, sem hefur glímt við lausafjárskort og vanskil á undanförunum árum, hafa byggt upp eigið fé og greitt arð í gegnum systurfélag sem heldur utan um lóðir þar sem VHE framkvæmir. Arðgreiðslur út úr Nesnúpi, sem er í eigu sömu fjölskyldu og VHE, námu rúmlega 40 milljónum króna á tímabilinu 2013 til 2018.

Hagnaður félagsins eftir skatta á sama tímabili, sem má að langmestu leyti rekja til sölu á íbúðum, nam 335 milljónum króna. Á sex árum hefur Nesnúpur náð að byggja eiginfjárstöðuna úr nær engu og upp í 305 milljónir króna í lok árs 2018.

Skuldastaða VHE, eða Vélaverkstæðis Hjalta Einarssonar, hefur komið í veg fyrir að hluthafar hafi getað greitt arð út úr fyrirtækinu. Fyrirtækið er enn að greiða niður lán frá Landsbankanum sem tóku stökkbreytingu í fjármálahruninu. VHE velti 6,7 milljörðum króna á árinu 2018 og heildarskuldir námu einnig 6,7 milljörðum.

Nesnúpur var stofnað árið 2009 með 500 þúsund króna hlutafé. Enginn starfsmaður er á skrá og VHE sér um daglegan rekstur þess. Hlutfé Nesnúps hefur aldrei verið aukið, né heldur hafa hluthafar veitt félaginu hluthafalán.

Umsvif Nesnúps hafa hins vegar

335

milljónir króna var samlagður hagnaður Nesnúps árin 2013 til 2018.

aukist gríðarlega frá stofnun félagsins. Það hefur staðið að framkvæmdum að Hafnarbraut í Kópavogi, Eskivöllum í Hafnarfirði, Holtsvegi í Garðabæ og í Skarðshlíð. Eignir félagsins námu tæplega 3,4 milljörðum króna í lok árs 2018.

Nesnúpur hefur skuldað tengdum aðilum á bilinu 125 til 852 milljónir króna frá árslokum 2013 til 2018 en í ársreikningum félagsins er ekki tekið fram hvaða aðilar það eru. Alls námu skuldir Nesnúps þremur milljörðum króna og er Íslandsbanki stærsti lánveitandinn samkvæmt heimildum Markaðarins.

Þá hafa VHE og Nesnúpur tekið þátt í útboðum á sömu lóðum. Félögin buðu bæði hæst í allar sex lóðirnar sem voru boðnar til sölu í útboði sem Hafnarfjarðarbær stóð fyrir árið 2016 í tengslum við fyrsta áfanga uppbyggingar Skarðshlíðar á Völlumum. – þfh / Markaðurinn

VIÐSKIPTI Kostnaður Haga af störfum sérstaks kunnáttumanns, sem fylgist með því að skilyrðum í sátt félagsins við Samkeppniseftirlitið vegna kaupa þess á Olís sé fylgt eftir, er tæplega einn áttundi af kostnaði Festar af störfum kunnáttumanns sem fylgist með sátt félagsins og Samkeppniseftirlitsins vegna kaupa N1 á Festi. Kunnáttumennirnir tóku báðir til starfa á haustmánuðum ársins 2018.


Samkvæmt heimildum Markaðarins er heildarkostnaður Haga af störfum Einars Gauts Steingrímssonar hæstaréttarlögsmanns rúmar fimm milljónir króna frá haustinu 2018. Til samanburðar nam kostnaður Festar af störfum Lúðvíks Bergvinssonar héraðsdómslögsmanns tæplega 41 milljón króna frá haustinu 2018 til loka síðasta árs. – hae, kij / sjá Markaðinn

Besta uppskeran núna!

Krónan mælir með!

KRÓNAN

Veður



Vestan 13-20 og el í dag, en úr-komulítið austanlands. Frost 0 til 5 stigsiðdegis. Norðlægari vindur undir kvöld með snjókomu á norðurhellingi landsins, en stöku el syðra. **SJÁ SIÐU 16**

Óbreytt notkun á rafmagni og heitu vatni

COVID-19 Nær engin breyting er á notkun höfuðborgarþéttbýna á heitu vatni og rafmagni á tímum samkomubanns þar sem atvinnulífið liggur að stórum hluta niðri.

„Við skoðuðum gögn tvo mánuði aftur í tímann og í fljótu bragði er engar afgerandi breytingar að sjá,“ segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Veitna.

Að hennar sögn eru einu breytingar þær að það dregur fyrr úr rafmagnsnotkun á daginn en fyrir faraldurinn er magnið er svipað.

„Langstærsti áhrifavaldurinn á notkun heita vatnsins er útihitastigið. Ef hitastigið lækkar þá eykst notkun og öfugt,“ segir Ólöf. - **þp**

Stofutónleikar hjá sendiherra



Hákan Juholt, sendiherra Svíþjóðar, bauð til tónleika á heimili sínu í gær þar sem Eggert Jóhannsson túlkaði söngvaskáldið Cornelis Vreeswijk. Tónleikarnir voru í beinni útsendingu á netinu en um sextíu þúsund notendur í Svíþjóð, Noregi og á Íslandi sáu útsendinguna. „Nú þurfum við að finna nýjar leiðir til að styrkja samband landanna. Það er mikilvægt,“ segir Hákan. Von er á fleiri viðburðum af þessu tagi. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Tobba er nýr ritstjóri DV

FJÖLMÍÐLAR Þorbjörg Marinósdóttir hefur verið ráðin nýr ritstjóri DV en Samkeppniseftirlitið samþykkti í liðinni viku kaup útgáfufélagsins Torgs á DV, dv.is og tengdum miðlum. Þorbjörg, eða Tobba eins og hún er kölluð, kemur til starfa á næstu vikum og segir verkefnið vera gríðarlega spennandi.

„Ég hlakka til að takast á við að ritstýra DV og dv.is. Netmiðillinn ásamt undirmiðlunum er einn sá fjölsóttasti hér á landi og nú tekur við að laga þar til í efnisvali og efnistöku. Við viljum að hann sé léttur og skemmtilegur miðill sem segi harðar fréttir í bland en sé umfram allt með vönduð efnistöku. DV hefur undanfarið verið gefið út á pappír á föstudögum og því verður haldið áfram. Þar eru mikil tækifæri, að gefa út fjölbreytt helgarblað með fréttum í bland við vandað afþreyingarefni,“ segir Tobba. Hún segir að ritstjórnarstefna DV verði nú löguð að ritstjórnarstefnu Torgs. „Þegar

Virðing fyrir viðmælendum er mikilvæg og við munum leggja áherslu á það.

Þorbjörg Marinósdóttir, nýr ritstjóri DV



við höfum hrundið breytingunum í framkvæmd er vonin sú að fólk muni sjá breytt blað og breytan vef með ferskum áherslum. Virðing fyrir viðmælendum er mikilvæg og við munum leggja áherslu á það,“ segir hún.

Hlé verður nú gert á útgáfu DV í pappírformi á meðan unnið er að breytingum útlits og efnistaka og stefnt að útgáfu nýs og öflugra DV á næstunni. Ekkert hlé verður á starfsemi dv.is og undirvefja þess. - **þp**

Aldrei betri mæting en í stafræna veislu

Starfsfólk deildar í Marel boðaði til stafræns vinnustaðateitis um nýliðna helgi. Mæting hefur aldrei verið betri. Ingó Veðurguð sá um veislustjórn og segir teitið eitt það skrítnasta en skemmtilegasta sem hann hefur upplifað.


SAMFÉLAG Vinnustaðir landsins eru margir hverjir tvístraðir um allar trissur vegna samkomubanns og því gefst ekki mikið rými til hópeflis eða gleðistunda hjá samstarfsfólki. Starfsmenn Marel fundu þó lausn á vandamálinu og héldu vinnustaðapartý í gegnum netið þar sem sjálfur Ingó Veðurguð tók að sér veislustjórn.

„Á þessum einkennilegu tímum hefur sennilega aldrei verið mikilvægara að hlúa að félagslega þættinum á vinnustöðum. Það er þó ekki heiglum hent og þegar hugmyndin um partý í gegnum netið kom upp þá byrjaði hún sem grín sem þróaðist svo yfir í alvöru. Sem betur fer, því þetta gekk betur en við þorðum að vona,“ segir Elfa Arnardóttir, vörustjóri í Cross Industry hjá Marel.

Hjá Marel er mikil áhersla lögð á starfsanda og að liðan starfsfólks í vinnunni sé góð. „Eftir höfðinu dansa limirnir og það er í raun ótrúlegt hvað Marel er að standa sig vel í því að halda öllum upplýstum, rólegum og hressum í vinnunni með nýstárlegum og spennandi leiðum. Í okkar deild reynum við að hrista okkur reglulega saman. Þar sem við sinnum vinnunni að miklu leyti í gegnum fjárfundarbúnað þá lá beinast við að sinna félagslega þættinum einnig með þeirri tækni,“ segir Elfa.

Alls var 27 manns boðið í partýið og að endingu mættu 25. „Það er skemmtilegt að segja frá því að það er metmæting á viðburði til lengri tíma, enda er kannski ekki mikil samkeppni um kvöldin eins og staðan er í dag,“ segir Elfa kímín.

Fyrr um daginn höfðu starfsmennirnir fengið sendar kórur



Alls mættu 25 starfsmenn deildarinnar af 27 í stafrænu veisluna.

Sem betur fer því þetta gekk betur en við þorðum að vona.

Elfa Arnardóttir, vörustjóri hjá Marel



með ýmsu góðgæti fyrir kvöldið. „Við höfðum áhyggjur af því að þetta gæti breyst í rafrænt fuglabjarg og því vorum búin að búa til nokkur herbergi í fundarboðinu sem við notuðum. Stofuna, eldhúshúsið, baðherbergið og svalirnar. Fólk gat flakkað milli herbergja til að spjalla ef það vildi en aðalfjörð var í stofunni,“ segir Elfa.

Veislustjóri kvöldsins var tón-

listarmaðurinn Ingó Veðurguð sem að sögn Elfu leysti verkefnið með miklum sóma.

„Þetta er sennilega það skrítnasta sem ég hef gert en að sama skapi eitt það skemmtilegasta,“ segir Ingó. Auk þess að spila sína helstu slagara og fá alla til þess að syngja með skipulagði hann ýmsa leiki sem hentuðu viðmótinu vel. „Það var alveg ótrúlegt hvað fólk komst í mikið stuð,“ segir hann.

Ekkert útlit er fyrir að samkomubanni verði aflétt í bráð og því hefur lítið verið um tónleika og aðrar upptakur hjá Ingó undanfarið eins og hjá öðrum tónlistarmönnum. „Ég held að næsta hefðbundna gíg sé bókað í byrjun júní hjá mér,“ segir Ingó sem útilokar ekki að verða fyrst og fremst í stafrænu formi næstu misserin. bjornth@frettabladid.is

APPOLO LAKKRÍS

PÁSKAEGG MED LAKKRÍS

Ga
Stofnað 1968

Tryggðu þér bíl fyrir páskana

LÆKKAÐ VERÐ Á VÖLDUM BÍLUM

Gott úrval bíla fyrir ferðalagið. Tilboðin gilda til 8. apríl.  **NOTAÐIR BÍLAR**
Kynntu þér úrvalið á notadir.is

500.000 kr. afsláttur



33.600 kr.
afborgun á mánuði

mv. 50% útb. 7 ára lán,
árleg hlutfallstala kostnaðar
6,75%, heildargreiðsla
5.075.640 kr.

Verð nú
4.490.000 kr.
Verð áður 4.990.000 kr.

KIA SORENTO LUXURY

Árgerð 2016, ekinn 76 þús. km, dísil, 2199 cc,
200 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994488 Staðsetning: Klettháls

660.000 kr. afsláttur



32.847 kr.
afborgun á mánuði

mv. 50% útb. 7 ára lán,
árleg hlutfallstala kostnaðar
6,22%, vextir 4,95%
heildargreiðsla 5.001.634 kr.

Verð nú
4.490.000 kr.
Verð áður 5.150.000 kr.

MERCEDES-BENZ CLA 180 d

Árgerð 2018, ekinn 7 þús. km, dísil, 1461 cc,
109 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 993882 Staðsetning: Klettháls

330.000 kr. afsláttur



KIA CEED LX

Árgerð 2016, ekinn 100 þús. km,
dísil, 1396 cc, 90 hö, beinskíptur,
framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994148 Staðsetning: Klettháls
Verð áður 1.720.000 kr.

1.390.000 kr.

240.000 kr. afsláttur



HONDA CR-V LIFESTYLE

Árgerð 2013, ekinn 82 þús. km,
bensín, 1997 cc, 155 hö, sjálfskiptur,
framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994842 Staðsetning: Klettháls
Verð áður 2.590.000 kr.

2.350.000 kr.

200.000 kr. afsláttur



KIA PICANTO LX

Árgerð 2015, ekinn 45 þús. km,
bensín, 998 cc, 66 hö, beinskíptur,
framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994314 Staðsetning: Klettháls
Verð áður 1.190.000 kr.

990.000 kr.

600.000 kr. afsláttur



MERCEDES-BENZ MARCO POLO

Árgerð 2017, ekinn 95 þús. km,
dísil, 2143 cc, 191 hö, sjálfskiptur,
fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994634 Staðsetning: Bílarkjarninn Eirhöfða
Verð áður 8.290.000 kr.

7.690.000 kr.

400.000 kr. afsláttur



TOYOTA LAND CRUISER 150 GX

Árgerð 2017, ekinn 86 þús. km,
dísil, 2755 cc, 177 hö, sjálfskiptur,
fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 440210 Staðsetning: Bílarkjarninn Eirhöfða
Verð áður 7.190.000 kr.

6.790.000 kr.

660.000 kr. afsláttur



MERCEDES-BENZ B-Class 200 d 4MATIC

Árgerð 2017, ekinn 53 þús. km,
dísil, 2143 cc, 136 hö sjálfskiptur,
fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994282 Staðsetning: Klettháls
Verð áður 4.150.000 kr.

3.490.000 kr.

700.000 kr. afsláttur



MERCEDES-BENZ GLC 220 d 4MATIC

Árgerð 2019, ekinn 5 þús. km,
dísil, 2143 cc, 170 hö, sjálfskiptur,
fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994357 Staðsetning: Bílarkjarninn Eirhöfða
Verð áður 9.690.000 kr.

8.990.000 kr.

400.000 kr. afsláttur



AUDI A3 SPORTBACK E-TRON

Árgerð 2016, ekinn 44 þús. km,
bensín/rafmagn, 1395 cc, 150 hö,
sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994544 Staðsetning: Bílarkjarninn Eirhöfða
Verð áður 3.250.000 kr.

2.850.000 kr.

400.000 kr. afsláttur



KIA SPORTAGE EX

Árgerð 2018, ekinn 106 þús. km,
dísil, 1995 cc, 136 hö, sjálfskiptur,
fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994850 Staðsetning: Bílarkjarninn Eirhöfða
Verð áður 3.690.000 kr.

3.290.000 kr.

400.000 kr. afsláttur



KIA OPTIMA SW PHEV LUXURY

Árgerð 2018, ekinn 17 þús. km,
bensín/rafmagn, 1999 cc, 157 hö,
sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994734 Staðsetning: Bílarkjarninn Eirhöfða
Verð áður 4.690.000 kr.

4.290.000 kr.

640.000 kr. afsláttur



BMW X1 XDRIVE18D

Árgerð 2017, ekinn 71 þús. km,
dísil, 1995 cc, 150 hö, sjálfskiptur,
fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 390942 Staðsetning: Bílarkjarninn Eirhöfða
Verð áður 4.790.000 kr.

4.150.000 kr.

600.000 kr. afsláttur



TOYOTA AVENSIS LIVE STW

Árgerð 2017, ekinn 48 þús. km,
bensín, 1798 cc, 147 hö, beinskíptur,
framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 993934 Staðsetning: Klettháls
Verð áður 2.890.000 kr.

2.290.000 kr.

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndavíxi

 **NOTAÐIR BÍLAR**

Kletthálsi 2 & Bílarkjarnanum Eirhöfða 11 · 110 Reykjavík
Sími 590 2160 · notadir.is

Opnunartímar
Mán-fim 10-18, fös 10-17, lau 12-16

Þú finnur okkur á Facebook
facebook.com/askjanotadibirar

Nóg til af sótthreinsiefnum en varasamt að nota þau of mikið

COVID-19 Birgðastaða sótthreinsiefna og hráefna til frekari framleiðslu þeirra virðist vera góð hér á landi samkvæmt upplýsingum á vef Umhverfisstofnunar. Þar kemur einnig fram að þrátt fyrir að handspritt sé virkt til að eyða smitefni kórónaveirunnar fylgi ókostir mikilli notkun þess, allt eins vel dugi að nota heitt vatn og sápu eða önnur hreinsiefni til að varast smit.

Húðvandamál líkt og hand-

þurrkur, sáramyndun og útbrot geti hlotist af mikilli notkun handspritts og notkun þess á raftæki líkt og tölvuskjái og snertiskjái ásamt flötum með viðkvæmt yfirborð getur valdið skemmdum. Sótthreinsiefni sem innihalda ekki spritt valda síður skemmdum á yfirborðsflötum.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir handspritti vegna COVID-19 faraldursins og hefur framleiðsla þess þar



Sérlega mikilvægt er að þvo hendur.

af leiðandi aukist. Til að tryggja að ekki séu settar á markað vörur sem ekki uppfylla þau skilyrði sem fyrir framleiðslunni eru hefur Umhverfisstofnun gefið út lista yfir mikilvæg atriði sem hafa ber i huga við framleiðsluna.

Þar kemur fram að hafa beri i huga að virka efnið i handsprittinu þurfi að hafa undirgengist eða verið tilkynnt i áhættumat og að við merkingar hættuflokkaðra vara

líkt og handspritts þurfi sérstaklega að hafa i huga að stærð merklinganna sé i samræmi við kröfur i reglugerð. Þá þurfa umbúðirnar að vera traustar og ekki villandi fyrir neytandann, nota þarf rétt staðlaðar þýðingar á viðvörðunorðum, hættu- og varnaðarsetningum ásamt því að framleiðandi eða innflytjandi ber ábyrgð á því að varan sé rétt hættuflokkuð. – bðj



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

1 Ekki von á loknum í Kringlunni og Smáralind um mánaðamótin. Forsvarsmenn Kringlunnar og Smáralindar eiga ekki von á að fleiri verslanir skelli i lás um mánaðamótin.

2 Mótmæla uppsögnum ISAVIA. Sameyki, stéttarfélag, mótmælir ákvörðun ISAVIA um uppsagnir.

3 Óska þess að fólk ferðist ekki að óþörfu um páskana. Fram kom á upplýsingafundi almannavarna og Landlæknisembættisins vegna COVID-19 að þess sé óskað að fólk fari ekki upp i sumarþustað um páskana.

4 Samherji fær undanþágu frá yfirtökuskyldu i Eimskip. Seðlabanki Íslands hefur veitt Samherja Holding undanþágu frá yfirtökuskyldu i Eimskip.

5 Íslendingar i Svíþjóð uggandi: Troðfullir næturklúbbar og fólk i ræktinni. Íslendingar i Svíþjóð eru margir hverjir uggandi vegna stöðu mála i landinu. Doktorsnemi i Uppsölum segist aldrei hafa séð sprittflösku i búðum og þá mæti fólk i ræktina eins og ekkert hafi i skorist.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Meira á frettabladid.is

Frestun gjalddaga fyrsta skref

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu munu fresta gjalddögum á fasteignagjöldum fyrirtækja. Atvinnurekendur eru uggandi vegna efnahagsástandsins. Bæjarstjóri Hafnarfjarðar útilokar ekki frekari aðgerðir.

VIÐSKIPTI „Við bindum vonir við að þetta muni koma íbúum og fyrirtækjum vel. Við erum að fresta og fjölga gjalddögum á öllum fasteignagjöldum, ekki aðeins fasteignasköttum, til að létta greiðslubyrðina. Það verða heldur engin gjöld sett i milliinnheimtu um þessi mánaðamót,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri i Hafnarfirði.

Hafnarfjörður, Kópavogur, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes munu leggja fram slíka tillögu i þessari viku til að koma til móts við atvinnulífið vegna ástandsins i kringum COVID-19. Svipaðar aðgerðir voru samþykktar i Reykjavík i síðustu viku.

Þá munu eigendur atvinnuhúsnæðis sem hafa orðið fyrir verulegu tekjutapi, i það minnsta 25 prósent milli ára, geta sótt um frestun allt að þriggja gjalddaga fasteignaskatta og fasteignagjalda sem færast þá á fyrstu mánuði ársins 2021.

Þá sjá sveitarfélögin fram á talsverðan skell vegna ástandsins. Búast má við minni tekjum af útsvari. Verða lagðar fram aðgerðaáætlanir i mörgum sveitarfélögum i dag og næstu daga.

Nokkur ánægja er meðal atvinnurekenda með viðbrögð ríkisins og viðleitni sveitarfélaga til að verja störf. Mörg fyrirtæki hafa verið i sambandi við sveitarfélög um eftirgjöf á fasteignagjöldum. „Sveitarfélögin mættu alveg huga að því að lækka fasteignagjöldin. Húsnæðiskostnaður er mjög stór hluti af útgjöldum margra fyrirtækja,“ segir Davíð Þorláksson, forstöðumaður samkeppnishæfnisviðs Samtaka atvinnulífsins.

Fasteignaskattar hafa hækkað mikið undanfarin ár vegna hækkanna á fasteignamati. Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, segir ganga skammt að fresta greiðslum. „Við



Fá ef einhver fyrirtæki hafa ekki orðið fyrir áhrifum af COVID-19 faraldrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Það er of snemmt að tala um niðurfellingar fasteignagjalda. Óvissan er það mikil að það er ekkert hægt að ákveða meira á þessu stigi.

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar



hefðum viljað sjá mun myndarlegri tillögu um lækkan fasteignaskatta i framhaldinu en auðvitað kemur þetta eitthvað til móts við atvinnurekendur,“ segir Ólafur.

„Síðustu ár hafa milljarðar rúllað inn til sveitarfélaganna i gegnum

fasteignaskatta vegna hækkan fasteignamats, 75 prósent hækkan i heildina frá 2013 til 2019, 82 prósent i Reykjavík. Það er ekki gott ef það er búið að eyða öllum þeim peningum og ekkert svigrúm til að gefa eftir. Við höfum verið að hvetja sveitarfélög til að fella þá niður um einhvern tíma og lækka þá myndarlega á næsta ári.“

Reykjavíkurborg, sem er með hæstu fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu, mun lækka þá niður i 1,6 prósent á næsta ári. „Það er hærri skattprósent en innheimt er i öllum hinum sveitarfélögum á þessu ári,“ segir Ólafur.

FA sendi erindi til Sambands íslenskra sveitarfélaga nýverið um niðurfellingu fasteignaskatta. Fram kemur i svari SÍS að leiðbeiningar sambandsins til sveitarfélaga um frestun gjalddaga séu einungis

fyrstu viðbrögð. „Stjórn vill taka sérstaklega fram að um er að ræða fyrstu viðbrögð og verður fylgst vel með þróun mála og brugðist við ef þurfa þykir,“ segir i bréfinu.

Ólafur segir þetta jákvætt i ljósi þess að meira þurfi að koma til. „Staðan er alls ekki góð. Það er vandfundið það fyrirtæki sem þetta ástand snertir ekki með einum eða öðrum hætti. Hlutastarfaleið ríkisstjórnarinnar er þáttur i að lágmarka skaðann en þetta verður mjög þungur róður hjá flestum fyrirtækjum næstu mánuði.“

Rósa segir að tíminn muni leiða i ljós hvort stiga þurfi frekari skref eins og niðurfellingar fasteignagjalda. „Það er of snemmt að ræða um niðurfellingar enda er ekki lagaheimild fyrir því. Óvissan er það mikil að það er ekkert hægt að ákveða meira á þessu stigi varðandi þessi gjöld.“ arib@frettabladid.is

Margir sækja um hlutabætur

VINNUMARKAÐUR Tæplega 25 þúsund umsóknir um bætur samhliða skertu starfshlutfalli hafa borist Vinnuálastofnun. Úrræðið er meðal aðgerða stjórnvalda vegna COVID-19 faraldursins.

„Þessi mikli fjöldi umsókna sýnir að þessar aðgerðir sem við erum að grípa til eru að virka og markmiðið er að stuðla að því að vinnuveitendur haldi ráðningarsambandi við starfsmenn sína eins og unnt er. Við vitum að þetta er tímabundið ástand en við erum tilbúin til þess að bregðast frekar við ef þörf er á,“ er haft eftir Ásmundi Einari Daðasyni, félags- og barnamálaráðherra, i tilkynningu.

Langflestar umsóknirnar, eða tæplega sautján þúsund, koma af höfuðborgarsvæðinu. Um þrjú þúsund koma af Suðurnesjum og um 1.750 af Suðurlandi.

Þá er um helmingur umsókna frá starfsfólki i starfsemi tengdri ferðaþjónustu. Um 17 prósent koma frá



COVID-19 hefur haft mikil áhrif á atvinnulífið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

starfsfólki i verslun og vöruflutningum og um 11 prósent frá starfsfólki i iðnaði, byggingariðnaði, sjávarútvegi og landbúnaði.

Vinnuálastofnun gerir nú ráð fyrir að skráð atvinnuleysi verði á bilinu 12 til 13 prósent i apríl og 11 til 12 prósent i maí. Í nýliðnum

marsmánuði var stofnuninni tilkynnt um 22 hópuppsagnir sem náðu til rúmlega 900 starfsmanna. Í gær var tilkynnt um uppsagnir 90 starfsmanna Pennans auk þess sem starfshlutfall annarra starfsmanna var skert.

– sar

Þjáist þú af augnþurrki?

20% afsláttur af augnúða

Augnúði til að minnka augnþurrk t.d. vegna mikillar skjánotkunar.

LYFSALINN GLÆSIBÆ

GLIDIR TIL 08.04.2020

LYFSALINN GLÆSIBÆ
Álfheimum 74 104 Reykjavík
Sími 517 5500
www.lyfsalinn.is
lyfsalinn@lyfsalinn.is

OPNUNARTÍMI
Mán.- fös. kl. 08:30-18:00
Laugardaga: Lokað



SETJUM HEIMSMET Í LESTRI VERTU MEÐ Í LANDSLIÐINU

Í tilefni af því að nú erum við mörg heima og vantar eitthvað gefandi til að nýta tímann í ætlum við að sameinast í einu liði, landsliðinu í lestri, og setja heimsmet í lesnum mínútum á einum mánuði.

Reglurnar eru mjög einfaldar. Þú tekur tímann þegar þú lest og skráir mínúturnar á timitiladlesa.is.

Allir geta verið í landsliðinu. Strákar og stelpur, börn og fullorðnir. Hver mínúta skiptir máli.

Allur lestur telst með. Líka að hlusta á hljóðbók. Líka að lesa myndasögu og uppskriftabók. Líka að lesa rafbækur. Og að sjálfsöggðu skiptir tungumálið engu máli.

Á timitiladlesa.is sérðu alltaf hvað landsliðið er búið að lesa mikið, og hvað þú ert búin(n) að lesa mikið. Og ef þú stendur þig rosalega vel færðu viðurkenningar á síðunni.

**SVO NÚ ER BARA AÐ REIMA Á SIG LESSKÓNA OG
GRÍPA NÆSTU BÓK. VIÐBÚIN — TILBÚIN — LESA!**



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
menningarmálaráðuneytið

#timitiladlesa

timitiladlesa.is



Dróni með myndavél á flugi yfir markaði í Sádi-Arabíu. MYND/GETTY

Vélmenni mæla hita og gefa fólki skipanir

COVID-19 Í fylkinu Al-Qassim í Sádi-Arabíu sveima nú drónar með innbyggðar hitamyndavélar. Skanna þeir fólk til að leita að hugsanlegum COVID-19 smituðum einstaklingum en hækkaður líkamshiti er eitt af einkennum farsóttarinnar.

Er það ríkisstjórn landsins sem framkvæmir skannanirnar í Al-Qassim, sem er ríkasta fylki landsins, norðvestan við höfuðborgina Riyadh. Þá hafa drónar einnig verið settir á loft í hinni helgu borg Medína. Medínu, sem er vinsæl pílgrímaborg, var lokað fyrir útlendingum um tíma en hefur síðan verið opnuð aftur.

» Drónanir fljúga yfir fjölmenn svæði, svo sem markaði, og vakta þá. Geta þeir skannað sjálfvirk allt að 24 einstaklinga á sekúndu.

Drónanir fljúga yfir fjölmenn svæði, svo sem markaði, og vakta þá. Geta þeir skannað sjálfvirk allt að 24 einstaklinga á sekúndu, meinað fólki sem mælist heitt aðgang að svæðum og beðið það um að leita tafarlaust til heilbrigðisstarfsfólks.

Líkt og Sádar hafa Túnismenn fært sér tæknina í nyt til þess að takast á við útbreiðslu COVID-19. Úti á götum Túnisborgar eru nú lítil fjarstýrð lögregluvélmenni á fjórum hjólum til að fylgja eftir útgöngubanni. Spyria vélmennin vegfarndur hvert þeir séu að fara og hvort erindið sé brýnt, skýra útgöngubann fyrir fólki og gefa skipanir. Innbyggð í vélmennin eru hita- og innrauðar myndavélar. – khg

Auðveldara að redda hlutum eftir á en að vera undirbúin

Framtíðarfræðingar og fleiri hafa teiknað upp möguleikann á heimsfaraldri en þjóðir heimsins voru samt óundirbúnar fyrir COVID-19. Innan fræðanna er nú rætt um að faraldurinn flýti óumflýjanlegum samfélagsbreytingum. Hann gæti einnig sett svip sinn á alþjóðastjórnmalin og alþjóðaviðskipti.

COVID-19 „Þessi faraldur er það sem mætti kalla svartur fill. Viðburður sem hefur verið rætt um, sviðsmyndin verið sett upp en enginn tekið á málinu og undirbúið sig undir,“ segir Karl Friðriksson, forstöðumaður Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og forsvarsmaður Framtíðarseturs. Samfélög hafi því flotið sofandi að feigðarósi í þessu samhengi.

Líkt og Bill Gates benti á árið 2015 í aðvörun sinni til heimsins, að þjóðfélög hafa stórar sveitir hermanna til að verja sig gegn innrás, en ekki sveitir farsóttarsérfræðinga. Ótal heræfingar eru haldnar en veiruæfing síðast gerð í Bandaríkjunum árið 2001, og veiran vann.

Framtíðarfræðingar og fleiri hafa teiknað upp möguleikann á heimsfaraldri. Segir Karl að umræða sé nú á meðal þeirra um hvers vegna skilaboðin hafi ekki náð í gegn og hvort að fræðin séu ekki tekin nægilega alvarlega. „Það virðist sem fólki finnst auðveldara að redda málum eftir á frekar en að vera undirbúið.“

Stórviðburðir og þáttaskil af ýmsum toga eru eitt af viðfangsefnum framtíðarfræði, svo sem efnahagskreppur og styrjaldir. Er nú verið að skoða hvaða breytingar núverandi faraldur hefur, hvernig hegðun fólks breytist, hvaða þarfir myndast og hverfa og hvaða möguleikar opnast.

Innan fræðanna er mikil umræða um hvaða breytingar faraldurinn gæti haft á alþjóðaviðskipti og starf alþjóðastofnana. „Hér á landi höfum við dregið upp sviðsmynd sem við köllum Jötunheima. Þar sem ákveðin ríki mynda blokkir og togstreita skapast á milli þeirra frekar en frjáls viðskipti og samskipti.“ Slíkar ríkjablokkir yrðu undir forræði sterkra iðnríkja svo sem Kína, Rússlands, Bandaríkjanna og svo blokk Evrópusambandsins.

En COVID-19 hefur einnig áhrif á daglegt líf fólks. „Það er ljóst að



Karl segir að vegna tækninnar gæti fasteignaþörf framtíðarinnar verið minni. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

faraldurinn mun hraða breytingum sem lágu fyrir, og hafa hingað til gengið hægar vegna eldri viðhorfa,“ segir Karl. Nefnir hann heilbrigðismálin, menntamálin og samfélagsleg gildi sem dæmi.

Háskólarnir færðu á örskotsstund kennsluna yfir á netið, en Karl segir að þetta hafi alltaf legið fyrir. „Tækni nútímans gerir það að verkum að hægt er að veita einstaklingsbundið nám á mun öflugri hátt en áður. Tæknin hefur hins vegar ekki verið notuð.“ Fyrir ári síðan var gerð greining á viðhorfum kennara og skólayfirvalda til framþróunar á kennsluháttum til ársins 2028. Kom þar fram að kennslustofan

Þessi faraldur er það sem mætti kalla svartur fill.

Karl Friðriksson, framtíðarfræðingur

myndi nánast ekkert breytast á því tímabili, jafn vel þó tækifærin væru til staðar. Karl telur að ástandið og þetta fordæmi sem hefur verið sett muni flýta þróuninni.

Það sama eigi við um heilbrigðismálin, vegna þróunar sé núverandi fyrirkomulag úrelt. Marga hluti sé hægt að gera í fjarvinnslu og fjar-

lækningum. Óvist sé hvort við þurfum á svo stórum spítölum að halda í náinni framtíð. Heildar fasteignaðörfin gæti því orðið mun minni á ýmsum sviðum.

Karl segir að sú þróun sem sé að eiga sér stað, og faraldurinn hefur flýtt, sé á heildina séð jákvæð fyrir einstaklinginn og þarfir hans. Í náinni framtíð munu öll samfélagsleg viðhorf breytast, svo sem til fjölskyldunnar og atvinnu. Tækifæri til nýsköpunar séu gríðarleg og framleiðsla hluta færð nær fólkinu. „Ég tel að þetta sé braut aukinnar hagsældar og velferðar fremur en hið gagnstæða.“ kristinnhaukur@frettabladid.is

Fiskmörkuðum lokað víða í Bretlandi

BRETLAND Fiskmarkaðir og fiskbúðir, svokallaðar „fish and chips“ búðir, eru víða lokað í Bretlandi vegna COVID-19. Er það ein af ástæðunum fyrir því að íslensk útgerðarfyrtæki koma ferskfiski ekki á markað.

Hinn frægi fiskmarkaður í Grimsby er til að mynda lokaður, en þangað fer mikið af íslenskum fiski, aðallega frá Vestmannaeyjum. Eftir að Boris Johnson forsætisráðherra tilkynnti um hertar sóttvarnaaðgerðir fyrir rúmri viku var ákveðið að hafa markaðinn aðeins opinn í þrjá daga. Skömmu síðar var honum alveg lokað, þar sem markaðurinn stóð ekki undir sér vegna haftanna.

Margir breskir útgerðarmenn hafa ekki einu sinni fyrir því að sigla, því þeir koma afurðunum ekki í verð, og er kvótinn því ónýttur. Hótelin og veitingastaðirnir sem kaupa mikið af ferskum fiski eru einnig mörg hver lokað. Má eiginlega segja að allur fiskiðnaðurinn liggi niðri í Bretlandi þessa stundina en breska ríkið býður fólki fjárhagslegan stuðning til að komast af, eða 80 prósent af launum.

„Verið er að loka fish and chips búðum um allt land, og þetta mun tímabundið hafa veruleg áhrif



Boris Johnson í heimsókn á fiskmarkaðinum í Grimsby. MYND/GETTY

Það veðist vel, en við getum ekki fundið leiðir til þess að koma fiskinum til neytandans.

Simon Dwyer, talsmaður Fiskmarkaðarins í Grimsby

á smærri og meðalstórar fiskvinnslustöðvar hér í Grimsby,“ sagði Simon Dwyer, talsmaður fiskmarkaðarins, við fréttasíðuna Business Live. „Það veðist vel, en við getum ekki fundið leiðir til þess að koma fiskinum til neytandans.“ – khg



FÉLAG TÆKNIFÓLKIS Í RAFIÐNAÐI

Framboð í trúnaðarstöður FTR

Samkvæmt 33. gr. laga Félags tæknifólks í rafiðnaði, skal auglýsa frest til framboðs.

Framboðsfrestur skal vera minnst 14 sólarhringar og skal tillögum skilað til kjörstjórnar innan þess tíma.

Með hliðsjón af framansögðu hefur framboðsfrestur verið ákveðinn til **kl. 12 á hádegi 14. apríl 2020**

Reykjavík 30. mars 2020
Stjórn Félags tæknifólks í rafiðnaði

ÍSLENSKT

gjörirð svo vel



Nú er tíminn til að kaupa íslenskar vörur. Styðjum við innlenda framleiðslu sem skapar störf og verðmæti fyrir samfélagið allt. Þannig höldum við okkur gangandi. Úrvalið og gæðin þekkjum við öll. Gjörirð svo vel!

2020
ÁR NÝSKÖPUNAR



Samtök
iðnaðarins

SKOÐUN

Pestapó



Adalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Internetið logar af klögumálum. Fólk vikur ekki úr vegi á göngustígum, fremur umferðarlaga-brot með innkaupakerrum, hóstar af ásettum ráði og stundar ólöglega hópamyndun.

Þótt yfirvaldið treysti á samtakamátt og ábyrgðartilfinningu borgaranna og sektum hafi enn ekki verið beitt, lætur hin sjálfskipaða sersveit valdsins, eða „Pestapó“ eins og veikburða andspyrnuhreyfing samfélagsmiðlanna kallar hana, almennt nöldur ekki duga, heldur kærir samborgara sína miskunnarlaust til lögreglu fyrir óhlýðni. Góðkunningjar forsjarhyggjunnar sjá sér leik á borði og vilja nýta samstarfsvilja borgaranna til að skera upp herör gegn ósýðum sem gjarnan plaga frjálst fólk.

Landlæknir reið á vaðið með móðurlegum umvöndunum um lífshætti á heimilum, sem orðin eru bókstaflega eini gríðastaður fólks. Heilræði Ölmur um hóf í áfengisneyslu voru gripin á lofti og notuð til að reka frjálslýndið ófugt ofan í okkar léttúðuga dómsmálaráðherra, sem lét sér detta í hug að nú væri rétti timinn til að auðvelda áfengis kaup. Þvert á móti væri réttast að fylgja fordæmi Grænlandinga sem stig-ið hafa fram sem helsta fyrirmynd norrænna þjóða í lýðheilsu málum og banna áfengissölu í landinu.

Áður en við fetum lengra á þessa braut ættum við að minnast þess að lausnin má ekki hafa verri afleiðingar en vandamálið.


Yfirgnæfandi stuðningur landsmanna við samskiptafjarlægð og heimavist er sjálfsprottinn og byggir á því að valdboðin séu skynsamleg, skiljanleg og eins hófstíllt og kostur er. Við viljum hlýða Viði af því hann virðist sanngjarn og hófstílltur gaur. Og enn erum við beðin að skerða friðhelgi einkalífsins með appi sem setur heila þjóð í rafrænt eftirlit til að rekja ferðir veirunnar.

Veiran er viðfangsefni til að takast á við en ekki tækifæri til að grípa meðan þjóðin er hrædd og undirgefin. Verði traustið misnotað með tilviljanakenndum boðum og bönnnum er voðinn vís. Bannstefnur hafa enda aldrei þjónað markmiðum sínum og gera ekki öðrum gagn en Al Capone og kollegum hans sem malað hafa gull á forsjarhyggjunni. Það er eðli svarta markaðarins að anna þeirri eftirspurn sem hið opinbera skapar með bönnnum sínum hverju sinni.

Og þótt það hafi tæpast afleiðingar til frambúðar að rakarar þjóði svarta þjónustu í heimahúsum getur tekið langan tíma að bakka með áhrif annarra boða og banna, ekki sist þeirra sem meika engan sens sem viðbrögð við farsótt. Bönnin hafa tilhneigingu til að festast í sessi. Þjórin sem leyfður var fyrir áfengisbannið 1915 var skilinn eftir þegar því var aflétt 1935. Það tók meira en hálfa öld í viðbót að frelsa þjóðina undan þeirri vitleysu.

Nú þegar leiðir ólöglegra vímuefna inn í landið hafa lokast er því spáð að afkastamestu innflytjendur kókáins snúi sér aftur að landasölu og annarri vafasamri framleiðslu til að anna eftirspurn í fásinninu. Verði ríkinu lokað beina menn viðskiptum sínum annað. Það skyldi þó ekki vera að þurrgerið hafi verið hamstrað í annað en bakstur.

Halldór



Frá degi til dags

Hrekkjaveiran

Það má ekki knúast bak við hurð. Og ekki hitta ömmu gömlu á Grund. Ekki fara í bíó og kaupa popp og tyggjó. Og ekki nota posa fyrir sleikjó. Það má ekki æða í ræktina. Ekki djamma og vekja blokkina. Ekki spila bolta og hitta fleiri en 19. Og ekki segja fordóma-heldur fordæmalausa. Þessi bévítans pest er svo skritin. Hún er alltaf að hrella mann. Þó maður geri ekki neitt. Hún er alltaf að hrella mann.

Bessastaðabakterían

Fátt kemur þeim á óvart sem allt veit og ræst hefur nú spádómur völvu Fréttablaðsins um að Guðmundur Franklín Jónsson, hóteltjóri og fréttaritari Útvarps Sögu úti í hinum stóra heimi, myndi renna hýru auga til Bessastaða á árinu. Gúndi er byrjaður að safna undirskriftum með bænaskjölum á Facebook enda setur tveggja metra reglan smölun meðmælenda ákveðnar skorður í raunheimum. Hins vegar er ljóst að hann hefur lært af fyrri framboðsraunum og heldur því vandlega til haga að fólk verði að hafa lögheimili á Íslandi eigi undirskrift þess að gagnast forsetaframboði hans. Nokkuð sem hann flaskaði á þegar hann hugðist í kosningum leiða Hægri græna að kjótkötlunum fyrir margt löngu án þess að vera sjálfur kjörgengur. arib@frettabladid.is toti@frettabladid.is

Styðjum fleiri en fyrirtækin



Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

Samstaða okkar allra er besta vopnið gegn veirunni og við munum vinna þann slag með því að fylgja öll fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda til hins itrasta. En hvað með hinar efnahagslegu afleiðingar? Þar gildir það sama. Samstaða og samhljál er eina leiðin til sigurs fyrir samfélagið – og eina leiðin til að tryggja að enginn hópur þurfi að bera of þungar byrðar.

Það er gömul saga og ný að á krepputímum kalla jafnvel hörðustu hægrimmenn eftir því að ríkið stígi fram af krafti og komi atvinnulífínu til bjargar. Og sú krafa er réttmæt, því þetta þurfa stjórnvöld svo sannarlega að gera. En það má hins vegar alls ekki gerast að útkoman verði ríkisstuðningur við þá stóru og sterku – en kaldur kapitalismi fyrir alla aðra.

Við verðum að sjálfsögðu að standa vörð um störf og bjarga þeim fyrirtækjum sem bjargað verður, ekki sist minni fyrirtækjum. En það er ekki nóg. Við þurfum líka að huga að fólki og fjölskyldum – og þá sérstaklega þeim hópum sem eru viðkvæmastir fyrir og verða verst úti í þessum hremmingum.

Hlutabótaleiðin er stærsta og mikilvægasta aðgerð stjórnvalda hingað til og þar munaði svo sannarlega miklu um aðkomu stéttarféлага og stjórnarandstöðu að málinu. Að öðru leyti beinast aðgerðir ríkisstjórnarinnar nær allar beint að fyrirtækjum en lítið sem ekkert er gert fyrir einstaklinga, fjölskyldur, sveitarfélög eða heilbrigðisstofnanir. Barnabótaaukinn er til dæmis ekki nema rúmlega eitt prósent af heildarumfangi aðgerðanna. Annars hafa engar sérstakar aðgerðir verið boðaðar fyrir heimilin í landinu. Hér hefur ríkisstjórnin heilt á lítið tekið bæði minni og hægari skref til að bregðast við ástandinu en við sjáum í löndunum í kringum okkur – jafnvel þó ferðaþjónustan sé mun mikilvægari hér en þar. En nú er flestum orðið ljóst að það þarf að ganga lengra. Samfylkingin leggur mesta áherslu á tvennt varðandi næstu skref: Að stuðningur við fyrirtæki gagnist ekki bara þeim stóru og að ráðist verði í frekari aðgerðir í þágu fólks og heimila. Gerum betur – við getum það.



Veiran er viðfangsefni til að takast á við en ekki tækifæri til að grípa meðan þjóðin er hrædd og undirgefin.

Reginn

FASTEIGNAFÉLAG

GRUNNLÝSING Í TENGLUM VIÐ ÚTGÁFURAMMA

REGINS HF.

Reginn hf. kt. 630109-1080, Hagasmára 1, 201 Kópavogi, hefur birt grunnlýsingu í tengslum við útgáfuramma skuldabréfa.

Grunnlýsingin er dagsett 31. mars 2020, staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, gefin út á íslensku og birt á vefsíðu Regins, www.reginn.is/fjarfestavfur. Grunnlýsinguna má nálgast á vefsíðunni og hjá útgefanda í höfuðstöðvum félagsins að Hagasmára 1, Kópavogi, á meðan hún er í gildi.

Nánari upplýsingar um Reginn hf. og útgáfurammann má finna í framangreindri grunnlýsingu. Fossar markaðir hf. hafði umsjón með því ferli að fá grunnlýsinguna staðfesta hjá Fjármálaeftirlitinu.

Kópavogur, 31. mars 2020

Reginn hf. / 512 8900 / reginn@reginn.is / reginn.is

Þetta er að virka!



Skúli Helgason
formaður skóla- og frístunda- ráðs Reykja- vikurborgar

Viðbúnaður sóttvarna- yfirvalda á Íslandi til að hefta útbreiðslu COVID-19 farald- ursins hefur vakið verðskuldaða athygli innanlands og utan. Fagmennska, vísindaleg nákvæmni og stöðug- leiki einkenna stefnuna og mál- flutning þremmenninganna Þórólfs, Ólmu og Víðis sem staðið hafa í eldlínunni með dyggum stuðningi stjórnvalda. Vissulega hefur far- aldurinn mikil áhrif á samfélagið og daglegt líf, ekki síst framlínu þeirrar grunnþjónustu sem við treystum öll á í menntastofnunum og velferðar- þjónustunni.

Hvað segja tölurnar?

Á upplýsingafundi skóla- og frí- stundaráðs í vikunni komu fram athyglisverðar staðreyndir um stöðuna í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Enginn stjórnandi leikskóla hafði fengið tilkynningu um smit hjá leikskólabarni og smit höfðu verið tilkynnt hjá ellefu börn- um á grunnskólaaldri af þeim tæp- lega fimmtán þúsund sem stunda nám í grunnskólum borgarinnar. Jafnframt hefur smit hjá starfs- fólki verið fátítt til þessa, tíu í leik- skólum, jafnmörg í grunnskólum og eitt á frístundaheimili.

Það gefur okkur vísbendingar um að þær takmarkanir og verkferlar sem gripið hefur verið til í starfi leikskóla, grunnskóla og í frístundastarfi borgarinnar séu að skila tilætluðum árangri. Tveir grunnskólar, tvö frístundaheimili og tvær félagsmiðstöðvar voru lokaðar vegna smits í röðum starfsfólks og barna. Þá voru fjórir grunnskólar að hluta lokaðir. Fimm leikskólar voru lokaðir og einn að hluta en sá var opnaður aftur um miðja síðustu viku.

Opnað á ný

Það er mikið gleðiefni að báðir grunnskólarnir, frístundaheimilin og félagsmiðstöðvarnar sem verið hafa lokuð undanfarnar tvær vikur verða opnuð á ný eftir helgina. Háteigsskóli hefur vakið verð- skuldaða athygli fyrir að virkja fjarkennslu og hagnýta upplýsinga- tækni með afgerandi hætti meðan skólahald lá niðri og nú mun skól- inn verða opnaður að nýju á þriðju- dag, reynslunni ríkari.

Félagsmiðstöðvar hafa skipt um ham yfir í rafrænar félagsmiðstöð- var við góðar undirtektir unglinga í borginni sem hafa tekið þessari nýjung opnum örnum og gefið hug- myndafluginu lausan tauminn. Á miðvikudag verða Klettaskóli, frí- stundaheimilið Gulahlíð og félags- miðstöðin Askja opnuð að nýju og þar með verður aftur hægt að sinna af fullum krafti þeim öfluga hópi barna sem þar stundar nám og frí- stundastarf eftir krefjandi vikur fjarri félögum, kennurum og starfs- fólki sem leggur metnað sinn og fag- mennsku í að auka lífsgæði barna í viðkvæmri stöðu.

1100 umsóknir um forgang

Menntastofnanir gegna lykilhlutverki í öllum velferðar- samfélögum sem eykst enn við núverandi aðstæður því leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili skapa skilyrði fyrir því að heilbrigðisstarfsfólk og annað framlínustarfsfólk geti sinnt af fullum krafti sínu starfi við að hlúa að sjúklingum og öðrum sem standa höllum fæti í baráttunni við

COVID-19. Rúmlega ellefuhundruð umsóknir um forgangsþjónustu höfðu borist um miðja vikuna frá starfsfólki sem almannavarnir hafa skilgreint á forgangslista, þar af tæplega 900 umsóknir í leikskóla, rúmlega 150 í grunnskóla og um 100 á frístundaheimilin.

Aðdáunarvert

Stjórnmalamenn í borginni hafa tekið höndum saman og við höfum



Starfsstöðvar sem hafa verið lokaðar verða opnaðar á ný í þessari viku.

fylgst af aðdáun með því hvernig starfsfólk borgarinnar hefur af fag- mennsku og jákvæðni tekist á við fjölbreytt verkefni sem ógna hinu hefðbundna skipulagi. Á hverjum degi fáum við fréttir af nýjum lausn- um og nálgunum sem stjórnendur og starfsfólk hafa þróað til að mæta þessum óvenjulegu aðstæðum án þess að slaka á þeim gæðakröfum sem einkenna skóla- og frístunda- starfi borginni.

Niðurstaðan er skýr – við stönd- um saman í þessari baráttu og munum komast í gegnum verkefnið reynslunni ríkari. Lykilatriði nýrrar menntastefnu um aukna nýsköpun og hagnýtingu stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi birtast nú ljóslifandi við framandi aðstæður og sýna okkur hvernig má ná enn meiri árangri á komandi misserum í því að láta drauma barnanna í borginni rætast.

OPNUNARTÍMAR UM

PÁSKANA

VÍNBÚÐIRNAR

Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU,

AKUREYRI, SELFOSSI OG REYKJANESBÆ

MÁNUDAGUR 6. APRÍL	11-18
DALVEGUR, SKEIFAN OG SKÚTUVOGUR	10-20
ÞRIÐJUDAGUR 7. APRÍL	11-18
DALVEGUR, SKEIFAN OG SKÚTUVOGUR	10-20
MIÐVIKUDAGUR 8. APRÍL	11-19
DALVEGUR, SKEIFAN OG SKÚTUVOGUR	10-20
SKÍRDAGUR 9. APRÍL	LOKAÐ
FÖSTUDAGURINN LANGI 10. APRÍL	LOKAÐ
LAUGARDAGUR 11. APRÍL	11-18
PÁSKADAGUR 12. APRÍL	LOKAÐ
ANNAR Í PÁSKUM 13. APRÍL	LOKAÐ

Páskaopnun allra Vínbúða á [vinbudin.is](#)

VÍNBÚÐIN

SÝNUM SKYNSEMI OG FYRIRHYGGJU

Við hvetjum viðskiptavinum til að sýna aðgát og draga úr smithættu eins og kostur er.

- Verslum utan annatíma
- Munum 2ja metra regluna
- Nýtum snertilausar greiðslur

UEFA sektar Liverpool

FÓTBOLTI Liverpool hefur verið sektað af UEFA eftir að áhorfendur kveiktu á blysum í Meistaradeildarleik liðsins gegn Atletico Madrid í byrjun mánaðarins. Leikurinn var einn sá síðasti sem fór fram með áhorfendur á vellinum, sem hefur víða verið gagnrýnt. UEFA sektaði félagið um rúma þrjú þúsund dollara og verður Liverpool að greiða sektina á næstu 90 dögum. Liverpool tapaði einviginu í frábærum fótboleik. Áhorfendur kveiktu á blysum við bæði mörk liðsins, sem Georginio Wijnaldum og Roberto Firmino skoruðu. – **bb**



Gylfi Þór Sigurðsson í leik í vetur.

Keppir í pílu við pabba sinn

FÓTBOLTI Gylfi Sigurðsson, landsliðsmaður í fótbolta og leikmaður Everton, heldur keppnisskapinu gangandi í útgöngubanninu í Bretlandi með því að keppa við pabba sinn, Sigurð Aðalsteinsson, í pílu. Þetta er meðal þess sem kemur fram í löngu viðtali við Gylfa á heimasíðu Everton. Þar fer Gylfi yfir hvað fótboltinn skipti fólki miklu máli í borginni, fer fögrum orðum um stjórnann sinn, Carlo Ancelotti, og segist njóta þess að geta farið út í göngutúr með hundinn sinn Koby, sem er af Cavalier King Charles Spaniel tegund, með Alexöndru eiginkonu sinni. Þá hrósar hann eldamennsku hennar en þeir sem fylgja henni á samfélagsmiðlum vita að þar fer meistarakokkur. – **bb**

Byrja að púsla saman að ári

ÍPRÓTTIR Eftir að ákveðið var að Ólympíuleikarnir færu fram 23. júlí til 8. ágúst fóru íþróttaforkólfar að skoða hið risastóra púsluspil sem þarf að klára fyrir næsta ár. Alþjóðafjárísíþróttasambandið hefur frestað sínu HM til 2022 og Alþjóðasundsambandið og Badminton sambandið eru að skoða nýjar dagsetningar. Öll mótin áttu að fara fram á sama tíma og Ólympíuleikarnir voru settir á. Fleiri mót eiga að klárast rétt fyrir leikana. – **bb**



Nýr formaður Íslandsmeistarara KR, Páll Kristjánsson, vill að íþróttafélögin borgi 25 prósent af launareikningi félaganna og ríkið rest. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Eyrnamerkt fé í íþróttastarf

Einn milljarður fer í menningu, íþróttir og listir í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar vegna COVID-19. Óákveðið hve mikið fer til íþróttanna og hvort peningarnir verði eyrnamerktir að einhverju leyti.

ÍPRÓTTIR Unnið er að útfærslu aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar í mennta- og menningarmálaráðuneytinu en milljarður króna á að fara til menningar, íþróttar og lista. Ekki er vitað hvað rennur í íþróttastarfið en líkt og með flest félög í heiminum kemur COVID-19 við íþróttastarfið hér á landi. Íþróttafélög spenna bogann mörg hver mjög hátt þar sem stakkurinn er ekki sniðinn eftir vexti. Sums staðar meira að segja er hann mörgum númerum of litill. Um helmingur leikmanna í körfuboltanum voru erlendir atvinnu-menn, hækkan skulda handbolta-deilda í Reykjavík var um 179,4 prósent á tímabilinu 2014-2018 og Skagamenn settu trúlega Íslands-met í taprekstri á síðasta ári í fót-boltanum þegar liðið tapaði um 62 milljónum eða 5,2 milljónum á mánuði. Þá tapaði KSÍ um 50 milljónum á síðasta ári.

„Það reynir á reksturinn eins og hjá öðrum en með samstilltum aðgerðum og hjálpi opinberra aðila þá komumst við í gegnum þetta. Aður en til faraldursins kom

Áður en til faraldursins kom höfðum við haft áhyggjur af rekstri og rekstrarumhverfi aðildarfélaganna, en nú þurfti svo sannarlega að bregðast við.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ



höfðum við haft áhyggjur af rekstri og rekstrarumhverfi aðildarfélaganna, en nú þurfti svo sannarlega að bregðast við,” segir í pistli Guðna Bergssonar, formanns KSÍ, sem var birtur á heimasíðu sambandsins í gær.

Guðni bendir á úrræði stjórnvalda og vonar að flest félög innan KSÍ geti nýtt sér þau. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumála-stofnun þá gildir úrræði lagafrumvarps Ásmundar Einars Dáðasonar, félags- og barnamálaráðherra,

meðal annars fyrir launþega og vinnuveitendur innan íþróttahreyfingarinnar.

„Við höfum verið að vinna að til-lögum um að laga þessi úrræði að okkar hreyfingu, sem gefur okkur betri og sanngjarnari niðurstöðu. Við þurfum þar á skilningi stjórnvalda að halda á sérstöðu og uppbyggingu okkar reksturs,” segir Guðni.

Nýverið var lögð fram skýrsla Reykjavíkurborgar um stöðu Reykjavíkurlíðanna frá 2014 til ársins 2018 sem sýnir ansi dökka mynd. Þar sést að heildarlauna-kostnaður félaganna hefur vaxið gríðarlega, eða um helming frá árinu 2014. Ef aðeins er horft á launakostnað aðalstjórna vegna skrifstofureksturs og reksturs mannvirkja þá er hækkanin um 30 prósent á sama tíma.

Í skýrslu Reykjavíkurborgar er sagt hvernig íþróttafélög fá sínar tekjur. Það eru styrkir frá borginni, æfingagjöld, veitingasala, tekjur vegna auglýsinga, húsaleigu og annað sjálfsaflafé. Þó er bent á að reksturinn sé ólíkur. Pawel Bar-

453

milljónir króna fengu knattspyrnudeildir fyrir fjórum árum fyrir góðan árangur á EM. Ekkert eftirlit var með því hvað félögin gerðu við þá peninga.

toszek, sem veitti nefndinni sem skrifaði skýrsluna forstöðu, sagði fyrir í vikunni að það muni þurfa að taka erfiðar ákvarðanir á næstunni hjá íþróttafélögunum og það hefði jafnvel þurft óháð þessum aðstæðum sem nú eru uppi.

Meðal þess sem mennta- og menningarmálaráðuneytið skoðar nú er hvort peningarnir verði eyrnamerktir, hvort félögin þurfi að uppfylla einhver skilyrði og ýmislegt fleira. benediktboas@frettabladid.is

Örfáir sótt um endurgreiðslu á miðum á Rúmeníuleikinn

FÓTBOLTI Aðeins 60 hafa sótt um að fá endurgreiðslu á umspilsleiknum gegn Rúmeníu sem fara átti fram í síðustu viku. Miðaeigendur geta sótt um endurgreiðsluna til 6. apríl. Miðakaupendur sem vilja halda sínum miðum þurfa ekki að gera neitt og halda einfaldlega sínum upprunalegu miðum/sætum, samkvæmt heimasíðu KSÍ.

Uppselt var á leikinn en hann á að fara fram fimmtudaginn 4. júní. UEFA, knattspyrnusamband Evrópu, ætlar að fara yfir málin með sínum 55 aðildarsamböndum í

dag á myndbandsfundi. Þar verður meðal annars rætt um komandi landsleiki en ekki eru miklar líkur á að Evrópa verði búin að opna sín landamæri í byrjun júní.

Einnig verður rætt um deildarkeppnirnar, Meistaradeildina og Evrópudeildina. Guðni Bergsson, formaður KSÍ, og Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri sátu síðasta fund með UEFA og má búast við að þau sitji þennan einnig. Frá því UEFA fundaði síðast, þann 17. mars, hefur ástandið í Evrópu vegna COVID-19 farið versnandi. Engu að



Leikurinn við Rúmeníu er enn settur á fjórða júní. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

síður er talið líklegt að borin verði upp tillaga um hvernig sé hægt að klára deildakeppnirnar um álfuna. Á síðasta fundi var vonast til að deildirnar gætu klárast um 30. júní en eins og staðan er núna í álfunni og heiminum öllum er fótbolli ekki efstur í forgangs röðinni. Nokkrir fjölmiðlar minntust á að nú verði að snúa sér að tímabilinu 2020-2021 og slá tímabilið sem enn á eftir að ljúka út af borðinu.

Tilkynning frá UEFA ætti að renna inn á vefsíður nánast um leið og þríeykið slítur fundi. – **bb**



MIÐVIKUDAGUR 1. APRÍL 2020

Heimili

VERTU LAUS
VIÐ VERKIBÓLGUEYÐANDI, VÖÐVASLAKANDI
OG VERKJASTILLANDIFæst í apótekum, heilsubúðum
og www.heilsanheim.is

Lýðheilsufræðingurinn og sjúkrabjálfarinn Sara Lind Brynjólfsson segir að það sé að ýmsu að huga til að minnka neikvæð áhrif af allri inniverunni og kyrrsetunni sem fylgir mótvægisáðgerðunum gegn COVID-19. Til dæmis að skipuleggja dagskrá og fara síðan eftir henni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tímann má nýta vel

Margir eiga erfitt með að sitja mikið heima vegna COVID-19. Það eru margar leiðir til að hlúa að andlegri og líkamlegri heilsu til að þola aðstæðurnar betur og jafnvel koma sterkari út úr þeim, segir Sara Lind lýðheilsufræðingur. ➔2

Framhald af forsiðu →

Oddur Freyr
Þorsteinsson

oddurfreyr@frettabladid.is



Sara Lind Brynjólfssdóttir er lýðheilsufræðingur, sjúkra-þjálfari hjá Netsjúkraþjálfun og sérfræðingur í forvarnateymi VIRK. Hún segir það afar eðlilegt að fólk eigi erfitt með inniveruna sem fylgir ástandinu í heiminum vegna COVID-19 faraldursins, en ýmislegt sé hægt að gera til að vernda heilsuna og með því að nýta tímann vel geti fólk styrkt sig bæði andlega og líkamlega.

Aukið álag á stoðkerfið

Sara segir að öll þessi innivera og kyrrseta sé sérlega slæm fyrir stoðkerfið og því sé afar mikilvægt að hlúa sérstaklega að því. „Það er oft meira álag á stoðkerfið í tengslum við það að vinna heima, fólk er að vinna við breyttar og oft ekki eins góðar aðstæður,“ segir Sara. „Í ofanálag þarf fólk að glíma við streitu vegna ástandsins og þetta tvennt saman eykur bæði líkurnar á nýjum líkamlegum álagseinkennum og að gömul einkenni komi aftur fram.

Þessar nýju vinnuaðstæður geta líka aukið líkurnar á því að fólk sé í slæmri líkamsstöðu,“ segir Sara. „Ef fólk finnur fyrir álagsverkjum er líka enn líklegra að það leiti í og sé lengur í slæmri líkamsstöðu.

Þegar þú stendur reglulega upp færðu blóðið á hreyfingu og eykur blóðflæðið til vefja, sem dregur úr líkum á álagsverkjum,“ segir Sara. „Rannsóknir sýna að gott er að standa upp á um 30 mínútna fresti til að draga úr líkum á verkjum og líkamlegum álagseinkennum og ef maður gerir það og kemur sér svo alltaf í eins góða stöðu og hægt er þegar maður sest aftur við tölvuna er hægt að draga verulega úr líkunum á álagstengdum verkjum.“

Setstaðan mikilvæg

Sara mælir með því að heimavinnandi fólk skoði vandlega vinnuaðstöðuna heima hjá sér og vinni ekki uppi í rúmi eða sófa.

„Fólk ætti að huga að því hvernig það getur búið til sem besta vinnuaðstöðu og hugsa vel um setstöðuna og hvernig olnbogar og herðar eru,“ segir Sara, sem er með nokkra góða punkta sem er gott að hafa í huga þegar kemur að ákjósanlegri setstöðu:

- Sitja vel uppi á setbeininum. Oft er gott að draga rasskinnarnar aftur svo maður nái að sitja vel á þeim.
- Hafa fótfestu á gólfi eða fót-skemil.



Sara segir að það sé mikilvægt að hafa góða vinnuaðstöðu heima fyrir og hlúa vel að stoðkerfinu núna þegar fólk er sérlega mikið heima og situr mikið. Hún gefur hér nokkur góð ráð sem frábært væri að fara eftir, til dæmis að krossleggja ekki fæturna og að sitja vel uppi á setbeininum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

- Reyna að krossleggja ekki fætur.
- Virkja kviðinn svo bakið leiti ekki í fettu. Þúði við mjóbakið getur hjálpað við þetta.
- Opna brjóstkassann. Þá fylgir höfuð oft með og fer í rétta stöðu, en það ætti að forðast að missa höfuðið í framstæða höfuðstöðu.
- Þegar maður horfir beint fram í góðri setstöðu ætti efri brún tölvuskjásins að vera í beinni sjónlínu.

Sara segir líka gott að hafa þessi atriði í huga þegar kemur að símanotkun, en margir eyða mörgum klukkustundum á dag í símanum, sem eykur líkur á verkjum og álagseinkennum.

„Það skiptir máli hvernig maður heldur á símanum og það er oft gott ráð að opna brjóstkassann og rétta úr sér og fá höfuðið með ásamt því að styðja undir handlegginn sem heldur á símanum með því að setja hinn undir olnbogann,“ segir Sara. „Bara það að vita hvernig staða er ákjósan-

“Það er oft meira álag á stoðkerfið í tengslum við það að vinna heima, fólk er að vinna við breyttar og oft ekki eins góðar aðstæður. Í ofanálag þarf fólk að glíma við streitu vegna ástandsins og þetta tvennt saman eykur bæði líkurnar á nýjum líkamlegum álagseinkennum og að gömul einkenni komi aftur fram.

legust hjálpar til við að passa sig á þeim slæmu, þó að maður fylgi þessu ekki alveg 100 prósent.

Þessar punktar eru ekki síður gagnlegir í öðrum þáttum daglegs lífs, eins og þegar fólk situr við sjónvarp, eldhúsborðið eða hvað sem er,“ segir Sara.

Rútinan hjálpar

„Eitt af því sem sérfræðingar tala um er að mikilvægt sé að viðhalda rútinu og sofa og vakna á sama tíma, þrátt fyrir að maður sé ekki í vinnu,“ segir Sara. „Reglulegur og góður svefn er grundvöllur að ótrúlega mörgu er varðar andlega og líkamlega heilsu.

Það er mikilvægt fyrir fólk sem er ekki að vinna núna að vera eins virkt og hægt er og það er líka rosalega mikilvægt fyrir alla að reyna að hreyfa sig eitthvað á hverjum degi,“ segir Sara. „Embætti landlæknis segir að fólk ætti að miða við að stunda meðalerfiða eða erfiða hreyfingu í um 30 mínútur á dag.

Góð hreyfing, góð svefnrúttina og það að vera virkur skiptir allt gríðarlega miklu máli í tengslum við andlega heilsu,“ segir Sara.

Ekki fara fram úr þér

„Það er gott fyrir fólk sem hefur verið tekið úr sinni daglegu rútinu að reyna að skipuleggja hreyfingu og svefn og annað fyrir fram og halda sig við dagskrána,“ segir Sara. „Það er mikilvægt að ætla sér ekki um of í hreyfingu, heldur finna eitthvað sem maður hefur gaman af, er viðráðanlegt og lætur manni líða vel.

Ég myndi mæla með því fyrir þá sem eru heimavinnandi að nýta hádegðið í hreyfingu og koma svo fersk inn eftir hádegi, það bætir einbeitingu og skilvirkni,“ segir Sara. „En það er líka mikilvægt að gera sér grein fyrir því að þessu ástandi öllu fylgir álag, til dæmis fyrir barnafólk, þannig að það er eðlilegt að fólk nái ekki sömu afköstum og venjulega.

Þess vegna er líka mikilvægt að haga hreyfingu í samræmi við orkustig og annað álag. Of áköf hreyfing getur orðið til þess að auka enn á þreytu og streitu,“ segir Sara. „Þá er betra að taka bara rólega hreyfingu, frekar en að keyra sig út. Svo er hægt að taka betur á því þegar betur stendur á.

Ég myndi líka mæla með því að fólk nái sér í nuddbolta og noti hann ef það finnur fyrir einhverjum eymslum,“ segir Sara. „Það er gott að standa við vegg og staðsetja boltann þar sem eymslin eru og halda léttum þrýstingi í 20-30 sekúndur til að losa um stífleika og auka blóðflæði til vefja.“

Hægt að bæta mataræðið

„Á svona streitutímum er alltaf hætta á að maður leiti frekar í óhollari kosti en venjulega og það sama gildir ef fólk fær ekki nægan svefn,“ segir Sara. „Ég er ekki næringarfræðingur, en sjálf miða

ég við að innbyrða mat sem gefur orku en tekur hana ekki frá mér. Fæðan á að nýtast til að hjálpa manni að halda orkustiginu góðu.

Ég mæli ekki endilega með því að fólk reyni að breyta mataræðinu á þessum tímum, en ef einhver er í vandræðum með mataræðið gæti aukinn frítími nýst vel til að taka það fastari tókum,“ segir Sara.

Tækifæri til að styrkja sig

„Til að stytta sér stundir, halda sér virkum og styrkja ónæmiskerfið er því um að gera að halda rútinu, rækta félagsleg tengsl í gegnum netið, borða hollt, sofa vel og reglulega og lágmarka streitugengda þætti eins og hægt er,“ segir Sara. „Ég mæli með því að fólk gæti hófs í fréttaneyslu og láti duga að fylgjast með daglegu upplýsingafundunum og kvöldfréttum. Það er auðvelt að missa sig á fréttamiðlunum, því þar koma endalaust inn nýjar fréttir, en til að takmarka streitu gæti verið gott ráð að vera ekki of mikið þar. Það þarf líka að passa upp á að hlusta á miðla sem maður veit að maður getur treyst.

Það er ekki til neitt töfraráð til að tryggja velliðan. Það þarf bara að passa upp á grundvallaratriðin, taka einn dag í einu og vera ekki of harður við sig ef maður gerir ekki eitthvað,“ segir Sara. „Almennt held ég að það sé mikilvægt að hugsa jákvætt, fylgja fyrir mælum og fara vel með sig. Fyrir þá sem geta ekki unnið er þetta tilvalinn tími til að huga að heilsunni og styrkja sig enn frekar, líkamlega og andlega.“

Loks bendir Sara á að á vefnum velvirk.is séu mörg góð ráð varðandi þessa þætti. „Þar eru ógrynni ráða fyrir einstaklinga og vinnustaði í tengslum við að hlúa að sjálfum sér og vinnustaðnum og það er sífellt verið að bæta við efni,“ segir hún.

LIÐVERKIR, STIRÐLEIKI EÐA BRAK Í LIÐUM?

Mest selda liðbættiefni
á Íslandi

2-3ja
mánaða
skammtur í
hverju glasi



Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgafandi: Ábyrgðarmaður:
Torg ehf. Jóhanna Helga
Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjórdís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

ROLEX

TUDOR

TAGHeuer

LONGINES

NOMOS GLASHÜTTE

TISSOT



Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Stjórnarmaður í Borgun kvartar til FME Segir stjórnarformann kunna að hafa brotið starfsreglur stjórnar, leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og lög um hlutafélög.	Eigendur VHE byggja upp sjóð í systurfélagi Framkvæmdastjóri Birtu segir ekki hægt að gera kröfu um stórtæk viðskipti lífeyrissjóða í mikilli óvissu á mörkuðum.	Kostnaðar Festar áttfalt hærri en Haga Rúmlega áttfaldur munur er á kostnaði Festar og Haga af störfum kunnáttumanna þótt sáttirnar sem þeim ber að fylgjast með séu áþekkar.	Good Good sækir sér 400 milljónir Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir er á meðal fjögurra fjárfesta sem tóku þátt í hlutafjárukningunni. Salan hefur aukist um 130 prósent á árinu.	Að lifa í núllinu „Fram undan er breytt landslag á innlendum fjármálamarkaði með lágum, líklega neikvæðum, raunvöxtum,“ segir Agnar Tómas Möller hjá Júpiter.
2	4	6	11	14



Ég dáist að þeim sem taka slíkar ákvarðanir á degi hverjum, eins og ríkisstjórnin og framlínan sem berst við kórónaveiruna.

Laus við erfiðar ákvarðanir

Aðalheiður Héðinsdóttir rak Kaffitár í tæp 30 ár en seldi fyrirtækið árið 2018. Hún starfar sem innkaupastjóri Kaffitárs og Nýju kaffibrennslunnar og segist fegin að hafa selt fyrirtækið. Nú þurfi hún ekki að taka erfiðar ákvarðanir sem hafi áhrif á marga. **»8-9**



FRÉTTABLAÐID/ERNIR

FRÍ HEIMSENDING

Pantið linsur á heimasíðu
Opticalstudio.is
eða í síma 511 5800



Optical Studio

Acuvue Moist, 3 pk.	kr. 8.000
Acuvue Oasys, 3 pk.	kr. 10.250
Dailies Total, 3 pk.	kr. 10.250
Dailies AquaComfort Plus, 3 pk.	kr. 7.250
Acuvue Vita, mánaðar, 2 pk.	kr. 6.150
Acuvue Oasys, 2. vikna, 2 pk.	kr. 4.950
Acuvue, sem dökkna í sól, 1 pk.	kr. 5.900



Tekjulausar bílaleigur sjá fram á umtalsverð fjárútlát vegna bílakaupa fyrir sumarið. Um tvö þúsund bílar eru á leið til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYBÓR

Bílaleigur hafa skuldbundið sig til þess að kaupa tvö þúsund bíla

Um tvö þúsund bifreiðar sem bílaleigur landsins hafa skuldbundið sig til þess að kaupa eru á leið til landsins, samkvæmt upplýsingum Samtaka ferðaþjónustunnar. Tilraunir til þess að afpanta bifreiðarnar hafa ekki gengið eftir og sjá bílaleigurnar því fram á umtalsverð fjárútlát.

„Þetta er mjög erfið staða fyrir fyrirtækin,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri samtakanna, í samtali við Markaðinn. Bílaleigurnar horfi, rétt eins og önnur ferðaþjónustufyrirtæki, fram á algert tekjufall.

Samtökin lögðu til við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fyrir helgi að annars vegar yrðu bílaleigubílar undanþegnir bifreiðagjaldi frá mars til loka ágúst ef þeir hefðu verið skráðir tímabundið úr notkun. Hins vegar var lagt til að vörugjald af bílaleigubílum yrði fellt niður frá apríl til loka júlí.

Tillögurnar hlutu ekki brautargengi í meðförum þingsins sem samþykkti á mánudagskvöld frumvarp til laga um ýmsar aðgerðir til þess að mæta efnahagsáhrifum heimsfaraldurs kórónaveirunnar.

Í umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar segir meðal annars að bíla-

leigur séu um þessar mundir í óðaðönn að taka númer af bílum og skila þeim í því skyni að losna undan bifreiðagjöldum. Sú framkvæmd skapi ýmsar flækjur, vinnu og kostnað hjá bílaleigum annars vegar og Samgöngustofu og skoðunarstöðvum hins vegar.

Til þess að draga úr flækjum, einfalda framkvæmd og draga úr kostnaði lögðu samtökin þannig til að bílaleigubílar sem væru skráðir tímabundið úr notkun að ósk eignanda yrðu undanþegnir bifreiðagjaldi í sex mánuði.

Hvað vörugjöldin varðar segir Jóhannes Þór að gagnvart bílaleigum sem hafi þegar pantað bíla fyrir sumarið og komist ekki undan því að taka við þeim skipti máli að gjöldin verði felld tímabundið niður. Bílaleigur hafa frá áramótum þurft að greiða fullt vörugjald af bílum.

„Allt snýst þetta um að takmarka flæði peninga úr fyrirtækjunum því vandinn er fyrst og fremst lausafjávandi eins og stendur,“ nefnir Jóhannes Þór.

„Ferðaþjónustufyrirtæki eru þegar orðin tekjulaus og horfa fram á mögulega þrjá mánuði af algjöru tekjuleysi.“ – kjj

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

DAG HVERN LESA

93.000

ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI

HEIMILD: PRENTMIÐJAMÆLING GALLUP OKT-DES 2019, 12-80 ÁRA
ALLT LANDIÐ HAGSTOFA ÍSLANDS, MANNFIÖLDATÖLUR, 2019

FRÉTTABLAÐIÐ - MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

Telur formann ekki hafa gætt jafnræðis

Stjórnarmaður sendi erindi til Fjármálaeftirlitsins vegna stjórnarháttanna í félaginu. Segir stjórnarformann kunna að hafa brotið starfsreglur stjórnar og lög um hlutafélög. Fundað með Íslandsbanka í söluferlinu án vitundar annarra.

Óskar Veturliði Sigurðsson, stjórnarmaður í Borgun frá árinu 2015, hefur sent erindi til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands þar sem fram kemur að hann telji mögulegt að stjórnarformaður, og eftir atvikum forstjóri félagsins, hafi brotið starfsreglur stjórnar, leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og lög um hlutafélög, einkum ákvæði um jafnræði hluthafa, með því að hafa itrekað átt fundi með Íslandsbanka, stærsta hluthafa greiðslukortafyrirtækisins.

Í erindinu til eftirlitsins, sem var sent 4. mars síðastliðinn og Markaðurinn hefur undir höndum, er meðal annars vísað til þess að formaður stjórnar hafi ekki fengið rýmri heimild til samskipta við einn hluthafann, Íslandsbanka, en kveðið er á um í starfsreglum stjórnar félagsins. Þá segir einnig að fundir stjórnarformanns og forstjóra félagsins með bankanum meðfram söluferli Borgunar hafi verið án vitundar annarra stjórnarmanna um dagskrá þeirra, fundartíma og ekki hafi verið lagðar fram undirritaðar og staðfestar fundargerðir um þá fundi.

Stjórnarformaður Borgunar er Elín Jónsdóttir, en hún var tilnefnd í stjórnina af Íslandsbanka fyrir tveimur árum, og Sæmundur Sæmundsson hefur gegnt starfi forstjóra félagsins frá því í ársbyrjun 2018. Óskar Veturliði er einn eigna Eignarhaldsfélagsins Borgunar, sem er samlagsfélag og er auk þess meðal annars í eigu Stálskipa og Einar Sveinssonar fjárfestis, næststærsta hluthafa Borgunar með 32,4 prósentu hlut. Félagið kom fyrst inn í hluthafahóp Borgunar þegar það keypti 31 prósentu hlut af Landsbankanum í árslok 2014 fyrir um 2,2 milljarða.

Gengið var frá kaupsamningi á eignarhlutum Íslandsbanka og Eignarhaldsfélagsins Borgunar – samtals um 96 prósentu hlut – fyrr í þessum mánuði til breska félagsins Salt Pay Co Ltd. en viðskiptin eru gerð með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabankans fyrir virkum eignarhlut kaupanda. Ekki var samstaða um söluina til Salt Pay, sem er meðal annars í eigu Ali Mazanderani stjórnarmanns í Creditinfo, í stjórn Borgunar.

Kaupverðið, eins og áður hefur verið upplýst um í Markaðinum, nemur rúmlega fimm milljörðum en forgangshlutabréf Borgunar í Visa Inc., sem félagið eignaðist



Borgun tapaði rúmlega 972 milljónum króna í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

35 milljónum evra nam kaupverð Salt Pay á um 96 prósentu hlut í Borgun.

þegar það seldi hluta sinn í Visa Europe á árinu 2016 með um 6,2 milljarða hagnaði, fylgja ekki með í kaupunum. Bókfært virði bréfanna er um þrír milljarðar.

Fram kemur í bréfi Óskars til Fjármálaeftirlits Seðlabankans, með vísan til fundargerða stjórnar Borgunar frá því að Elín tók við stjórnarformennsku í mars 2018, að hún hafi átt að minnsta kosti átta fundi með Íslandsbanka á því tímabili. „Formaður stjórnar upplýsti ekki um fundina áður en þeir voru haldnir og fyrirgerði þannig möguleika annarra stjórnarmanna á að sitja fundina,“ eins og kveðið sé á um í starfsreglum stjórnar félagsins, segir í bréfinu.

Afleiðingin sé því sú, ásamt þeirri staðreynd að ekki hafi verið upplýst um dagskrá fundanna og fundargerðir sömuleiðis ekki ritaðar, að aðrir stjórnarmenn „hafa ekki getað nýtt sér rétt sinn til þess að sitja fundi eða fylgst með því hvernig samskipti hafa verið við einn hluthafa félagsins sem og hvaða upplýsingar hafa verið lagðar fyrir [hann],“ að því er fram kemur í bréfinu. Þá segir að aðrir stjórnarmenn Borgunar hafi ekki fengið að sjá kynningu sem haldin hafi verið fyrir stjórn Íslandsbanka í tengslum við söluferli greiðslukortafyrirtækisins.

Rekstur Borgunar hefur gengið erfiðlega á síðustu árum og tapaði félagið ríflega 972 milljónum á síðasta ári borið saman við 1.069 milljóna króna tap 2018. Eignir Borgunar námu um 22,4 milljörðum í lok síðasta árs en á sama tíma var eigið fé félagsins liðlega 6,6 milljarðar.

Aðalfundi Borgunar, sem átti að fara fram í gær, hefur nú verið frestað í annað sinn en áætlað er að hann fari fram eftir páska. hordur@frettabladid.is

Samið um endurfjármögnun PCC

Kísilverið PCC á Bakka við Húsavík hefur gengið frá samkomulagi um fjárhagslega endurskipulagningu við lánveitendur og hluthafa félagsins, sem eru meðal annars íslenskir lífeyris sjóðir og Íslandsbanki í gegnum samlagshlutafélagið Bakkastakk, í því skyni að bæta bágborna lausafjárstöðu þess.

Samkvæmt samkomulaginu, sem var skrifað undir í byrjun síðustu viku, er kísilverinu veittur frestur á greiðslu vaxta og afborgana og þá mun þýski fyrirtækið PCC SE, sem á 86,5 prósentu hlut á móti 13,5 prósentu hlut Bakkastakks, leggja fram 40 milljónir bandaríkjadala, jafn-

10 milljörðum nemur heildarfjárfesting lífeyrissjóða og Íslandsbanka í kísilverinu.

virði 5,6 milljarða króna, í reksturinn í formi hluthafaláns, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Aðallánveitandi PCC á Bakka er þýski bankinn KfW-IPEX og þá veitti Bakkastakkur, sem er einkum í eigu Íslandsbanka og Gildis, Birtu og Stapa, félaginu víkjandi breytan-

legt skuldabréfalán að fjárhæð 62,5 milljónir dala. Skuldabréfið, sem var bókfært á 9,5 milljarða í árslok 2018 í reikningum Bakkastakks, ber 8,5 prósentu vexti. Miðað við það nema árlegar vaxtagreiðslur af bréfinu um 800 milljónum. Samtals nemur fjárfesting Bakkastakks í kísilverinu, bæði í forgangshlutafé og breytanlegu skuldabréfi, jafnvirði um tíu milljarða.

Miklar tafir og erfiðar aðstæður á hrávörumörkuðum hafa einkennt starfsemi kísilverins en það var formlega gangsett í maí 2018. Þá hafa vandræði í hreinsivirki verksmiðjunnar valdið því að slökkva hefur þurft á ljósbogaofnum. – hae

BRÁÐUM KEMUR BETRI TÍÐ

**SJÁUM UM VIÐHALD FASTEIGNA
FYRIR HÚSFÉLÖG, EINSTAKLINGA**

OG STOFNANIR

HÁPRÝSTIÐVOTTUR

MÚRVIÐGERÐIR OG MÁLUN

VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ

AUÐVELD SAMSKIPTI

ÁBYRGAR TÍMAÁÆTLANIR

REYNSLUMIKLIR FAGMENN

MEÐMÆLI FRÁ FYRRI VIÐSKIPTAVINUM

SENDUM SAMNINGA OG

TILBOÐ RAFRÆNT

**ERUM AÐ BÓKA
VERKEFNI FYRIR
SUMARIÐ!**

**MÁLUM ALLT
SEM SKIPTIR
MÁLI!**

**FLÍSALÖGN
OG HELLULAGNIR**

**HÁPRÝSTIÐVOTTUR,
MÚRVIÐGERÐIR OG
MÁLUN**



UM AÐ GERA

Hjól atvinnulífsins ehf.

Alhliða verktaka

Borgartúni 3

105 Reykjavík

Símar: 8446829 / 6624514

Netfang: hjolatvinnulifsins@gmail.com

Stofnar bandarískan sjóð sem fjárfestir í íslenskum vísisjóðum

Bandarískur fjárfestir sem hefur komið að yfir 3,5 milljarða dala fjárfestingum í framtaks- og vísisjóðum hyggst setja á fót bandarískan sjóð sem mun fjárfesta í slíkum sjóðum hér á landi. Hann hefur þegar fundað með fulltrúum allra vísisjóða landsins.

Umræddur fjárfestir, J. Heath Cardie, upplýsir um áform sín í umsögn sem hann skrifaði í síðustu viku um drög að frumvarpi um stofnun Kriu, sérstaks sjóðs í eigu ríkisins sem er ætlað að fjárfesta í öðrum sérhæfðum sjóðum sem

fjárfesta í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.

„Ég hef trú á því að Ísland hafi allt sem er nauðsynlegt til að ná að byggja upp sprota- og nýsköpunarumhverfi á heimsmælikvarða ef Ísland nær að búa til enn betra aðgengi að vísifjármagni,“ skrifar Cardie í umsögn sinni sem Halldór Þ. Þorsteinsson, lögmaður hjá AM Praxis, sendi inn í samráðsgátt stjórnvalda.

Cardie, sem er búsettur hér á landi, segist hafa starfað í framtaks- og vísisjóðum frá árinu 1997, sem rekstraraðili, ráðgjafi og fjárfestir,

Ég hef trú á því að Ísland hafi allt sem er nauðsynlegt til að ná að byggja upp sprota- og nýsköpunarumhverfi á heimsmælikvarða.

J. Heath Cardie, fjárfestir

en hann situr í stjórnnum nokkurra sjóða í Bandaríkjunum og Ísrael.

Í umsögninni er tekið fram að Cardie hafi tekið þátt í að fjárfesta meira en 3,5 milljarða dala,

sem jafngildir um 495 milljörðum króna, í framtaks- og vísisjóðum fyrir hönd bandarískra lífeyrisjóða, háskólasjóða, stofnana og fjársterkra einstaklinga.

Hann er meðal annars framkvæmdastjóri félagsins 1248 Management og stjórnarformaður Carner Services sem hefur fjárfest í bandarískum félögum í meðal annars áhaldaleigu, endurvinnslu og framleiðslu.

Cardie segist í umsögninni hafa komist að því eftir að hafa fundað með hérlandum vísisjóðum að enn sem komið er hafi engir erlendir

fagfjárfestar fjárfest í slíkum sjóðum. Nýsköpunarumhverfið geti vaxið hraðar með meira fjármagni og besta staðurinn til þess að leita að meira fjármagni sé í gegnum erlenda fjárfesta sem leiti að áhættudreifingu og góðri ávöxtun.

„Ísland býður upp á góða áhættudreifingu og möguleikana á mjög góðri ávöxtun. Það hafa verið góðar útgöngur og niðurstöður fyrir fjárfesta á síðustu fimm árum og ég geri ráð fyrir að það aukist í framtíðinni, eftir að hafa skoðað nokkur fyrirtækjanna sem eru í eignasafni vísisjóðanna,“ segir Cardie. – kij



Margit Robertet, framkvæmdastjóri Freyju. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hlutfé Freyju hækkað um 1,9 milljarða króna

Hlutfé Freyju framtaks- sjóðs, sem er í rekstri Kvikubanka, var hækkað um ríflega 1,9 milljarða króna í janúar síðastliðnum til þess að standa straum af kaupum sjóðsins á tæplega sextán prósentu hlut í Arctic Adventures.

Í kjölfar hækunarinnar er hlutfé framtakssjóðsins um 2,7 milljarðar króna en alls nema áskriftarloforð um átta milljörðum króna frá hátt í tuttugu fjárfestum, mestmegnis lífeyrissjóðum.

8 milljarðar króna er áskriftarskuldbinding fjárfesta í Freyju framtakssjóði.

Tilkynnt var um fjárfestingu Freyju í Arctic Adventures um miðjan janúar en samkvæmt heimildum Markaðarins miðaðist kaupverð sjóðsins við að heildarvirði ferðaþjónustufyrirtækisins væri samanlagt líðlega tíu milljarðar króna.

Um var að ræða aðra fjárfestingu sjóðsins, sem settur var á stofn um mitt ár 2018, en áður hafði hann keypt tæplega helmingshlut í Ísmar, félagi sem sérhæfir sig í tækjabúnaði til meðal annars hvers konar landmælinga, vélstýringa og lasertækni. Freyja fjárfestir einkum í óskráðum félögum.

Samkvæmt gögnum úr fyrirtækjaskrá eru lífeyrissjóðirnir Birta, Gildi og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins stærstu fjárfestar framtakssjóðsins með tuttugu prósentu hlut hver. Hluttur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna nemur fimmtán prósentum og þá fer Festa lífeyrissjóður með fimm prósentu hlut.

Kvika banki fer með 8,6 prósentu hlut í Freyju en á meðal einkafjárfesta, sem fara hver um sig með minna en eins prósentu hlut í sjóðnum, eru þau Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, Hreggviður Jónsson og Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir. – kij

Byggja upp sjóð í systurfélagi

Eigendur VHE hafa byggt upp eigið fé í systurfélaginu Nesnúpi. Arðgreiðslur út úr félaginu nema 40 milljónum. Skuldar tengdum félögum hundruð milljóna. VHE ekki greitt eigendum arð frá fjármálahruninu.

Eigendur VHE, sem hefur átt í erfiðleikum með að standa í skilum við birgja og undirverktaka á undanförnum árum, greiddu sér arð í gegnum systurfélagið Nesnúp, sem heldur utan um lóðir sem VHE framkvæmir á. Nesnúpur, sem skuldar tengdum félögum hundruð milljóna króna, hefur notað söluhagnað á íbúðum til að byggja upp eigið fé úr engu.

Arðgreiðslur út úr Nesnúpi námu rúmlega 40 milljónum króna á tímabilinu 2013 til 2018. Hagnaður félagsins eftir skatta á sama tímabili, sem má að langmestu leyti rekja til sölu á íbúðum, nam 335 milljónum króna. Á sex árum hefur Nesnúpur náð að byggja eiginfjárstöðuna upp í 305 milljónir króna í lok árs 2018 en hún var tvær milljónir árið 2012.

VHE, eða Vélaverkstæði Hjálta Einarssonar, og Nesnúpur eru bæði í meirihluta eigu Unnars Steins Hjaltonar sem fer með 80 prósentu hlut í hvoru félagi á móti systkinum sínum, Einarri Þór og Hönnu Rúnu Hjaltabörnum.

VHE er rótgróið fyrirtæki, stofnað 1971, sem var byggt upp á þjónustu við álver. Það er jafnframt orðið umsvifamikilið í byggingageiranum og velti 6,7 milljörðum króna á síðasta ári. Allt frá fjármálahruninu, þegar lán frá Landsbankanum tóku stökkbreytingu, hefur VHE hins vegar glímt við vanskil og lausafjárskort.

Skuldastaða fyrirtækisins hefur einnig komið í veg fyrir að hluthafar hafi getað greitt sér arð. Skuldirnar hafa þó verið greiddar niður jafnt og þétt á undanförunum árum en þær námu 8,3 milljörðum króna í lok árs 2018 samanborið við 10,1 milljarð í lok árs 2016.

Nesnúpur var stofnað árið 2009 með 500 þúsund króna hlutfé. Enginn starfsmaður er á skrá og VHE sér um daglegan rekstur þess. Hlutfé Nesnúps hefur aldrei verið aukið, né heldur hafa hluthafar veitt félaginu hluthafalán.

Umsvif Nesnúps hafa hins vegar aukist gríðarlega frá stofnun félagsins. Það hefur staðið að framkvæmdum að Hafnarbraut í Kópavogi, Eskivöllum í Hafnarfirði, Holtsvegi í Garðabæ og í Skarðshlíð. Eignir félagsins námu tæplega 3,4 milljörðum króna í lok árs 2018 og eigið fé rúmlega 300 milljónum.

Nesnúpur hefur skuldað tengdum aðilum á bilinu 125 til 852 milljónir króna frá árslokum 2013 til 2018 en í ársreikningum félagsins er ekki tekið fram hvaða aðilar það eru. Þá kemur ekki fram hvers konar kjör eða skilmálar fylgja lánunum. Skuldir við tengda aðila námu 850 milljónum í lok árs 2016 en höfðu lækkað niður í rúmlega 300 milljónir í lok árs 2018.

Skuldir Nesnúps námu alls þrem-



Fyrirtækið VHE velti um 6,7 milljörðum króna á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fyrirspurnir Markaðarins

Unnar Steinn Hjaltonar, aðaleigandi VHE og Nesnúps, svaraði ekki fyrirspurn Markaðarins um viðskiptasamband félaganna tveggja þegar eftir því var leitast. Spurningarnar voru svohljóðandi:

- Hversu mikið af skuldum Nesnúps við tengda aðila má rekja til VHE?
- Hefur Nesnúpur þurft að reiða fram tryggingar vegna lána frá VHE eða fengið vaxtalausla fresti á greiðslum á lánunum?
- Er hægt að fá útskýringar á viðskiptasambandi VHE og Nesnúps, og því hvernig kostnaður og ábati af uppbyggingu skiptist milli félaga?

Landsbankinn, viðskiptabanki VHE, sagði í svari við annarri fyrirspurn Markaðarins að bankanum væri óheimilt að tjá sig um málefni einstakra viðskiptavina.

ur milljörðum króna samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2018. Þar af voru eftirstöðvar af fasteignaláni, sem var flokkað sem langtímaskuld, 1,5 milljarðar króna og eftirstöðvar af framkvæmdaláni, sem var flokkað sem skammtímaskuld, voru tæplega milljarður króna.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er Íslandsbanki stærsti lánveitandi Nesnúps en algengt er að bankar krefji verktaka um 20 til 30 prósentu eiginfjárframlag þegar lánað er til byggingaframkvæmda í venjulegu árferði.

Athyglin beinist að VHE

Umfangsmikið viðskiptasamband Upphafs, sem er í eigu fagfjárfestastjóðsins GAMMA: Novus, við VHE var gert að umtalsefni í fréttaskýringabættinum Kveik í síðustu viku.

Eins og kunnugt er voru sjóðsfélagar Novus upplýstir um það síðasta haust að við endurmat á eignum og áætlunum sjóðsins væri

850 milljónir skuldaði Nesnúpur tengdum félögum í árslok 2016.

eigið fé, sem þremur mánuðum áður var metið á um 3,9 milljarða króna, aðeins talið vera um 42 milljónir króna.

Sjóðsfélagar fengu þær skýringar að raunveruleg framvinda margra verkefna Upphafs, sem hefur staðið í framkvæmdum og sölu á yfir 400 íbúðum á höfuðborgarsvæðinu, hafi reynst ofmetin. Kostnaður við framkvæmdir hafi auk þess verið langt yfir áætlunum.

Í þætti Kveiks var greint frá gögnum sem sýndu tugmilljóna króna greiðslur VHE til félags Péturs Hannessonar, sem var fram-

kvæmdastjóri Upphafs frá árinu 2014 þar til hann hætti snemma árs 2019. Greiðslurnar spanna svipað tímabil, eða frá 2015 fram á mitt ár 2019 og námu þær alls 58 milljónum króna. Núverandi stjórnendur Gamma hafa tilkynnt Pétur til lögreglu.

Upphaf greiddi VHE og undirverktókum þess ríflega sjö milljarða króna vegna byggingaframkvæmda frá árinu 2015. Ekkert af þessum verkefnum var boðið út heldur var samið beint við VHE og gerðir voru svokallaðir cost-plús-samningar. Í þeim fólst að Upphaf greiddi allan kostnað við framkvæmdirnar að viðbættu álagi til VHE.

Nesnúpur á lóðirnar í reynd

VHE sagði í yfirlýsingu að skýringin á greiðslunum til Péturs væri ráðgjöf sem hann veitti fyrirtækinu í fasteignaverkefnum á síðustu árum. Um væri að ræða greiðslur vegna aðskilinna verkefna sem blönduðust ekki verkefnum Upphafs á neinn hátt.

VHE nefndi í svari sínu að ráðgjöfin tengdist lóðakaupum VHE og framkvæmdum á Eskivöllum í Hafnarfirði og Hafnarbraut 27 í Kópavogi. Aftur á móti sýna veðbandayfirlit og kaupsamningar að lóðirnar eru ekki í eigu VHE heldur Nesnúps.


Fyrirtækin hafa bæði tekið þátt í útboðum á sömu lóðum. Morgunblaðið greindi til að mynda frá því haustið 2016 að VHE og Nesnúpur hefðu bæði boðið hæst í allar sex lóðirnar sem voru boðnar til sölu í útboði sem Hafnarfjarðarbær stóð fyrir í tengslum við fyrsta áfanga uppbyggingar Skarðshlíðar á Völlum. thorsteinn@frettabladid.is

Við sýnum ábyrgð og stöndum með almannavörnum

Við aðlögum afgreiðslutíma verslana hratt og í samræmi við fyrirmæli yfirvalda.
Við uppfærum upplýsingar um afgreiðslutímaá byko.is og á samfélagsmiðlum.

Við höfum skipt verslunum okkar á höfuðborgarsvæðinu í þrjú svæði fyrir viðskiptavinum okkar.
Hvert svæði hefur sérinngang og ekki er hægt að fara á milli þeirra nema í gegnum inngang hvers svæðis fyrir sig. Að tilmælum yfirvalda gætum við þess að einungis 20 einstaklingar eru inni á hverju svæði á hverjum tíma.

Við höfum stóraukið þrif í öllum verslunum okkar og hafa viðskiptavinir aðgang að handspritti víða. Allar kerrur og aðrir snertifletir eru sótthreinsaðir reglulega af starfsfólki.



Til hagræðingar styttir BYKO afgreiðslutímann og eru verslanir opnar, einkum fyrir fagfólk,
frá kl. 08:00 – 16:00 á virkum dögum og kl. 10:00 - 14:00 á laugardögum.
Á sunnudögum verður lokað þar til mesta vörn er um garð gengin.

Verslaðu í vefverslun BYKO

SENT ALLA DAGA HEIM



Pantaðu fyrir kl. 14:00 alla daga vikunnar og þú færð vöruna **samdægurs** á höfuðborgarsvæðinu. Frí heimsending er á pöntunum yfir 20.000 kr



Það er líka enn hægt að

PANTA & SÆKJA

í BYKO Breidd

Hægt er að sækja pantanir í BYKO Breidd við vörumóttöku við suður-gafl verslunar allt fram til 18:30 alla virka daga.

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



Ari Danielsson, framkvæmdastjóri Reviva Capital. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Reviva Capital kaupir tæp tíu prósent í T Plús

Lúxemborgska eignaumsýslu- og ráðgjafarfyrtækíð Reviva Capital, sem var stofnað af Ara Danielssyni og þremur öðrum fyrrverandi lykilstarfsmönnum Glitnis í Lúxemborg árið 2010, hefur fest kaup á tæplega tíu prósent hlut í fjármálafyrtækinu T Plús. Seljandi er Íslensk Verðbréf.

Fram kemur á vef T Plús að endanlegir eigendur Reviva Capital séu framkvæmdastjórinn Ari og fjármálastjórinn Paul Embleton. Lúxemborgska félagið hafði áður umsjón með umsýslu og innheimtu eignasafns Glitnis og Landsbankans í Lúxemborg.

Talsverðar breytingar urðu sem kunnugt er á hluthafahópi T Plús snemma síðasta árs þegar aðaleigendur Fossa markaða, Festa lífeyrissjóður og VÍS, keyptu hlut í félaginu af Íslenskum verðbréfum.

» Aðrir hluthafar í T Plús eru meðal annars aðaleigendur Fossa markaða, Festa lífeyrissjóður og Arctica Finance.

Fossar Markets Holding, sem er í eigu hjónanna Sigurbjörns Þorkelssonar, stjórnarformanns Fossa markaða, og Aðalheiðar Magnúsdóttur, Haraldar I. Þórðarsonar, forstjóra Fossa markaða, og Steingrims Arnars Finnssonar, framkvæmdastjóra markaða Fossa, fer með 9,99 prósent hlut í T Plús, rétt eins og Festa lífeyrissjóður, en eignarhlutur VÍS nemur fimmtán prósentum.

Auk fyrrnefndra hluthafa fer Arctica Finance með 9,9 prósent hlut í T Plús, Stapi lífeyrissjóður með 9,0 prósent hlut og Umsýslufélagið Verðandi, í eigu Hinriks Bergs, fer með 35,6 prósent hlut.

T Plús, sem er staðsett á Akureyri, sérhæfir sig meðal annars í vörslu- og uppgjörspjónustu verðbréfa og eru helstu viðskiptavinir fyrirtækisins fjármálafyrtækí, fagfjárfestar, lífeyrissjóðir og vörsluaðilar séreignarsparnaðar. – kij

LSR bætti við sig fimm prósent hlut í Regin fasteignafélagi í mars

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins heldur áfram að bæta við sig í Regin með kaupum á um tveggja prósent hlut í fasteignafélaginu. Sjóðurinn heldur nú á 12,3 prósent hlut í félaginu, samkvæmt nýlegum lista yfir stærstu hluthafa þess, en til samanburðar var eignarhlutur sjóðsins sjö prósent í lok febrúar.

Lífeyrissjóðurinn hefur verið

4

milljarðar króna er markaðsvirði 12,3 prósent eignarhlutar LSR í Regin.

virkasti fjárfestirinn á íslenskum hlutabréfamarkaði undanfarnar vikur, frá því að markaðurinn tók dýfu seint í febrúar, og hefur bætt við hlut sinn í flestum skráðum félögum.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins flaggaði því í Kauphöll í fyrri hluta mars þegar hann eignaðist yfir tíu prósent hlut í Regin – og varð þar með stærsti hluthafi fast-

eignafélagsins – en síðan þá hefur sjóðurinn haldið áfram að bæta við sig í félaginu. Er 12,3 prósent hlutur sjóðsins nú metinn á tæplega fjóra milljarða króna miðað við núverandi gengi hlutabréfa í Regin.

Gengi bréfanna hefur lækkað um fimmtung undanfarnar fimm vikur en sé litið til síðustu tólf mánaða nemur lækkunin um ellefu prósentum. – kij

Kostnaður Festar áttfalt hærri

Áttfaldur munur er á kostnaði Festar og Haga af störfum kunnáttumanna. Sáttirnar sem þeim ber að fylgjast með eru áþekkar. Eftirlitið féllst ekki á að skipa Eyjölf Árna Rafnsson eða Ólaf Þór Jóhannesson.

Kostnaður Haga af störfum sérstaks kunnáttumanns, sem fylgdist með því að skilyrðum í sátt félagsins við Samkeppniseftirlitið vegna kaupa þess á Olís sé fylgt eftir, er tæplega einn áttundi af kostnaði Festar af störfum kunnáttumanns sem fylgdist með sátt félagsins og Samkeppniseftirlitsins vegna kaupa N1 á Festi. Kunnáttumennirnir tóku báðir til starfa á haustmánuðum ársins 2018.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er heildarkostnaður Haga af störfum Einars Gauts Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, sem var skipaður óháður kunnáttumaður af Samkeppniseftirlitinu í kjölfar þess að smásölurissinn náði samkomulagi um sátt við eftirlitið vegna kaupa hans á Olís, rúmar fimm milljónir króna frá haustinu 2018.

Til samanburðar nam kostnaður Festar af störfum Lúðvíks Bergvínssonar héraðsdómslögmanns, sem var skipaður kunnáttumaður vegna sáttar félagsins við Samkeppniseftirlitið, tæplega 41 milljón króna frá haustinu 2018 til loka síðasta árs, eins og greint var frá í Markaðinum í síðustu viku.

Af áðurnefndum sáttum Haga og Samkeppniseftirlitsins annars vegar og N1 og eftirlitsins hins vegar leiddi að skipa þurfti óháða kunnáttumenn sem hafa það hlutverk að hafa eftirlit með þeim aðgerðum sem kveðið er á um í sáttunum. Félögin bera kostnað af störfum þessara manna og semja við þá um tiltekið tímagjald.

Á meðal þeirra verkefna sem Lúðvík hefur komið að sem kunnáttumaður vegna kaupa N1 á Festi eru sölufrelsi Dælnnar og verslana Kjarvals á Hellu og Krónunnar á Hvalselli á meðan Einar Gautur hefur sem kunnáttumaður vegna kaupa Haga á Olís meðal annars fylgst með sölufrelsi nokkurra verslana Bónuss og eldsneytisstöðva Olís og ÓB.

Kunnáttumönnum ber einnig að fylgjast með því að félögin veiti aukinn aðgang að heildsölu eldsneytis og jafnframt að þjónustu



Kaup N1 á Festi, sem rekur meðal annars Krónuna og Elko, voru samþykkt í lok júlí árið 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

41

milljón króna var kostnaður Festar af störfum Lúðvíks Bergvínssonar frá september 2018 til loka síðasta árs.

Óliudreifingar, sem er í eigu N1 og Olís, svo fleiri dæmi séu nefnd. Eru skilyrðin í sáttum félaganna beggja, Festar og Haga, á heildina litið nokkuð svipuð.

Kostnaður Festar vegna starfa Lúðvíks var nánar tiltekið tæpar átta milljónir króna frá september til desember árið 2018 og 33 milljónir króna í fyrra og hefur þannig numið að meðaltali um 2,6 milljónum króna á mánuði. Til samanburðar má ætla að mánaðarlegur kostnaður Haga af störfum Einars Gauts hafi verið um 330 þúsund krónur.



Einar Gautur Steingrímsson hæstaréttarlögmaður



Lúðvík Bergvínsson, héraðsdómslögmaður

Ef miðað er við að tímagjald Lúðvíks sé um þrjátíu þúsund krónur má ætla – miðað við heildarkostnað Festar af störfum hans – að meira en helmingur vinnutíma hans á venjulegri vinnuviku fari í störf sem kunnáttumaður.

Eins og áður sagði var Lúðvík skipaður kunnáttumaður af Samkeppniseftirlitinu eftir að Eggert Þór Kristófersson, þá forstjóri N1, hafði tilnefnt þrjá menn sem félagið taldi hæfa til þess að gegna starfinu.

Samkvæmt heimildum Markaðarins tilnefndi Eggert Þór til starfars þá Lúðvík, Eyjölf Árna Rafnsson, ráðgjafa og formann Samtaka atvinnulífsins, og Ólaf Þór Jóhannesson, sem var þá sjálfstætt starfandi en er nú framkvæmdastjóri fjármálasviðs Skeljungs, og

stóð vilji félagsins einkum til þess að annar hinna tveggja síðarnefndu yrði fyrir valinu.

Að undangengnu hæfismati skipaði Samkeppniseftirlitið hins vegar Lúðvík en stofnunin taldi að hinir tveir hefðu haft „tengsl við félagið, keppinauta þess eða markaði sem það starfar á sem þóttu skapa vafa um óháði gagnvart að minnsta kosti tilteknum verkefnum sem falla undir störf kunnáttumanns“, eins og sagði í tilkynningu sem hún sendi frá sér í síðustu viku vegna fréttatflutnings blaðsins.

Samkvæmt áðurnefndum sáttum Festar og Haga við Samkeppniseftirlitið lýkur störfum umræddra kunnáttumanna haustið 2023.

hordur@frettabladid.is
kristinningi@frettabladid.is

Bláa lónið bætir lítillga við eignarhlut sinn í Icelandair Group

Vænting, fjárfestingafélag Bláa lónsins, hefur bætt við sig sautján milljónum hluta í Icelandair Group fyrir ríflega sextíu milljónir króna, samkvæmt nýjum lista yfir stærstu hluthafa flugfélagsins. Í kjölfar kaupanna fer félagið með ríflega 1,3 prósent hlut í Icelandair Group.

Þá hefur Högni Pétur Sigurðsson, fjárfestir og eigandi Hard Rock Cafe á Íslandi, bætt umtalsvert við hlut sinn í flugfélaginu að undanförunu. Hann fer nú með 1,3 prósent hlut í félaginu í eigin nafni, borið saman við 1,0 prósent hlut í lok febrúar, og þá er félag hans Nautica auk þess

komið í hóp tuttugu stærstu hluthafa Icelandair Group með tæplega 0,9 prósent hlut. Högni Pétur er þar með orðinn stærsti einkafjárfestirinn í hluthafahópi félagsins.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Birta lífeyrissjóður hafa enn fremur bætt lítillga við sig í Icelandair Group á allra síðustu vikum. Hins vegar hafa Stapi lífeyrissjóður og Úrvalsbréf, hlutabréfasjóður í stýringu Landsbréfa, á sama tíma minnkað við sig en í litlum mæli þó.

Hlutabréf í Icelandair Group hafa lækkað um nærri sextíu prósent í verði undanfarnar fimm



Grímur Sæmundsen, forstjóri og stofnandi Bláa lónsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

270

milljónir króna er markaðsvirði 1,3 prósent hlutar Bláa lónsins í Icelandair Group.

vikur en félagið hefur – líkt og önnur flugfélög í heiminum – orðið harkalega fyrir barðinu á ferðatak-mörkunum sem stjórnvöld víða hafa sett til þess að hefta útbreiðslu kórónaveirunnar. – kij

tl.is

ERTU KLÁRÍ SLAGINN?



**ÞÚ FÆRÐ ALVÖRU
LEIKJABÚNAÐ HJÁ OKKUR**

steelseries

CORSAIR

elgato

R A Z E R™

PS

ASUS

**TÖLVU
LISTINN**

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS AKRANES



Aðalheiður Héðinsdóttir, sem seldi fyrirtæki sitt Kaffitár í fyrra, segist dást að atvinnurekendum sem eru að róa lífróður á meðan kórónaveiran geisar. Þeir séu að gera allt sem þeir geta til að halda fyrirtæki sínu lifandi.

Var orðin þreytt á að standa í rekstri

Það skiptir máli að greiða fátækum kaffibændum hærra verð fyrir vöruna, segir stofnandi Kaffitárs. Rekstrarumhverfið er vinveittara á hinum Norðurlöndunum. Tók á taugarnar þegar sala Kaffitárs var í skoðun hjá Samkeppniseftirlitinu í fimm mánuði.

Helgi Vífill
Júliússon
helgivifill@frettabladid.is



Aðalheiður Héðinsdóttir, stofnandi Kaffitárs, starfar enn hjá fyrirtækinu eftir að hafa selt það til fjölskyldunnar sem á heildsöluna Ó. Johnson & Kaaber, Nýju kaffibrennsluna og Sælkera-dreifingu. „Ég er að vinna að því að gera mig að ómissandi starfskrafti hérna,“ segir hún í léttum tón. Starf Aðalheiðar felst í að smakka og kaupa kaffi fyrir Kaffitár og Nýju kaffibrennsluna. „Nú er ég í draumastarfinu. Ég þarf ekki að taka erfiðar ákvarðanir, aðrar en þær hvaða kaffi eigi að kaupa. Kaffitár býður upp á úrvalskaffi og Nýja kaffibrennslan selur kaffi sem er í öðrum gæðaflokki. Fyrirtækið getur því núna boðið upp

á nánast allt litrófið í kaffi. Það er býsna gaman. Þegar ég starfaði ein-göngu fyrir Kaffitár var ég nokkuð rogginn og sagðist ekki smakka annað en úrvalskaffi. En það hefur verið gaman að smakka ódýrara kaffi og vonandi stend ég mig líka vel í að finna gott kaffi í þeim verð-flokki.“

Rak Kaffitár í tæp 30 ár
Hún stofnaði Kaffitár ásamt manni sínum Eiríki Hilmarssyni, var eini hluthafinn og rak það í næstum 30 ár en seldi fyrirtækið í apríl 2018. „Ég er afar glöð yfir að hafa selt fyrirtækið og þurfa ekki að taka erfiðar ákvarðanir sem hafa áhrif á marga. Ég dáist að þeim sem taka slíkar ákvarðanir á degi hverjum, eins og ríkisstjórnin og framlinan sem berst við kórónaveiruna. Þau þurfa að taka óvinsælar ákvarðanir og eiga heiður skilinn. Það er nefnilega erfitt að standa í þeim sporum,“ segir Aðalheiður.

Ég var orðin lúin og einnig var aukin samkeppni bæði í matvöruverslunum og eins á kaffihúsunum. Fannst þetta vera orðið gott og undir það síðasta þegar maðurinn minn veiktist og lést í framhaldinu var það alger pína að standa í rekstrinum.

Tökum upp léttara hjal, allavega til að byrja með. Hvað ættu allir að vita um kaffi en gera ekki?

„Við gerum okkur oft ekki grein fyrir allri vinnunni sem felst í því að rækta kaffibaunir. Það krefst mik-

ils vinnuafls. Þetta er hrávara sem ræktuð er í fátækum löndum sem fáir Vesturlandabúar hafa heimsótt. Ég bendi oft á að ef kaffibaunir væru ræktaðar í Frakklandi gætum við ekki keypt gott kaffi fyrir jafn litinn pening og raun ber vitni. Það væri tíu sinnum dýrara, ef ekki meira. En vegna þess að það er ræktað í fátækum löndum getum við leyft okkur þennan munað fyrir litinn pening.

Fólk bregst illa við þegar kaffi-bollinn hækkar um 50 krónur en fyrir bændur getur litils háttar verð-hækkun verið spurning um að geta fætt sig og klætt. Á meðan myndi fólk í okkar heimshluta mögulega bregðast við hækkuninni með því að drekka aðeins minna kaffi. Við liðum engan skort. Gæðunum er misskipt.

Við hjá Kaffitári höfum í mörg ár keypt megnið af okkar kaffi beint af bændum og kaupum mikið af þeim sömu. Þegar þeir eru heimsóttir

á tveggja ára fresti sést greinilega hvað mikið getur breyst til batnaðar þegar borgað er hærra verð en gengur og gerist fyrir kaffibaunir. Samanburðurinn við nærliggjandi búgarða sem selja sína vöru á lægra verði getur verið sláandi.“

Mest keypt beint frá býli
Frá hvaða löndum kaupir Kaffitár helst kaffi?

„Við kaupum mest frá Níkaragva. Jafnframt kaupum við mikið af kaffi frá Brasilíu en það kemur allt frá sama búgarðinum. Loks kaupum við frá Kólumbíu og nokkuð frá Gvatemala, Indónesíu og löndum í Afríku. Um 80 prósent af kaffinu eru keypt beint af bónda. Þegar við kaupum kaffi í minna mæli er ekki um bein viðskipti að ræða. Það borgar sig ekki nema keyptur sé heill gámur af kaffi, annars verður flutningur til Íslands of dýr.“

Til samanburðar, hvaðan kaupir Nýja kaffibrennslan kaffið?



firrtækjunum á floti og halda í starfsmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þrjár bylgjur í kaffi

Að sögn Aðalheiðar er talað um þrjár bylgjur í kaffi. „Sú fyrsta spratt fram um aldamótin 1900 þegar almenningur gat leyft sér að drekka kaffi. Önnur bylgja var þegar fólk hóf að fara á kaffihús eins og Starbucks og drekka espressó og mjólkurdrykki. Þriðja bylgjan kom fram á sjónarsviðið um aldamótin þegar bragð kaffisins og kaffibaunin eru í aðalhlutverki. Þá er drukkin hæg uppáhelling en ekki espressó eða

mjólkurdrykkir. Baunirnar eru brenndar minna til að bragðið fái að njóta sín. Þarna fékk ég uppreisn æru. Ég þótti lummuleg í kringum árið 1995 því að ég hef fylgt þessari hugmyndafræði lengi að málum. Heima hjá mér var ekki boðið upp á espressó þótt ég hefði ágætan aðgang að réttu græjunum. Núna færðum hæga uppáhellingu á öllum finum veitingahúsum og kaffihúsum.“

heimsóttum landið ásamt fleirum í kaffibransanum. Vegirnir þar eru vondir og hópnum var skipt í nokkra jeppa. Fyrir tilviljun lentum við í bíl með þessum kaffibönda.

Við héldum sambandi eftir ferðina. Hann sendi mér reglulega prufur í von um að við myndum kaupa af honum kaffi en á þeim tíma var það ekki orðið nógu gott. Ég var því alltaf að segja við hann: Mér þykir það ósköp leitt en þetta kaffi get ég ekki keypt.

Einhverju síðar réð hann ásamt fjórum öðrum bændum í sveitinni til sín kaffismakkara og aðra sem kunnu til verka við ræktun. Fram að þessu smökkuðu þeir ekki kaffið og

Samstaða í kaffiheiminum

„Það er mikil samstaða í kaffi-bransanum. Það er gaman að stunda viðskipti þar sem borin er virðing fyrir öllum sem eru í virðiskeðjunni. Hnefinn er ekki á lofti eins og stundum er hér á landi. Það eru allir svo góðir og standa saman í þessu. Það minnir á samstöðuna sem er hér á landi í baráttunni við kórónaveiruna. Borgarfulltrúar í Reykjavík hafa meira að segja grafið stríðsöxina og snúið bökkum saman,“ segir Aðalheiður.

„Ég man að eitt árið fengum við tvo gáma af kaffi sem var ekki í

lagi frá Níkaragva. Við töldum að það hefði komist raki í gámana og skemmt hluta af kaffinu en við vissum það ekki fyrir víst. Gámarnir höfðu verið fluttir um miðjan vetur. Á þeim tíma var feikilega kalt í Evrópu og það rignði mikið í Suður-Ameríku. Mögulega hafði það þessi áhrif á sendinguna. Hvað um það, kaffið var ekki nógu gott. En við hættum ekki að versla við bændurna heldur heimsótti ég þá næsta vor, sagði að þetta mætti ekki koma fyrir aftur og spurði: Hvað getum við gert til að þetta komi ekki

fyrir aftur? Og þetta vandamál hefur ekki komið upp aftur.

Í hruninu keyptum við kaffi af flottum búgarði í Gvatemala, eins og við höfðum gert árin á undan. Bóndinn hafði þá stefnu að hækka verðið umtalsvert á hverju ári. Þegar hrunið kom og gengi krónunnar hrundi sagði hann við okkur: Ég mun ekki hækka verðið á kaffinu til þín heldur lækka það svo þú getir haldið áfram að kaupa það. Mér þótti það einkar flott af honum. Þessi samstaða er nefnilega fyrir hendi bæði hjá kaupendum og seljendum.“

Þegar sótt var um veitingaleyfi var komið fram við mann eins og glæpamann.

ræðingartækifæri. Nýja kaffi-brennslan býr yfir glæsilegum framleiðslutækjum. Kaffibrennslu-ofninn þeirra er nýrri og fullkomn-ari en sá sem Kaffitár á. Brennslan tekur stuttan tíma og getur þess vegna annað miklu magni. Sam-stæðan státar líka af betri og hag-kvæmari dreifileiðum og nýtur góðs af meiri stærðarhagkvæmni í flutningum og birgðahaldi en Kaffi-tár.“

Er sala til smásala stór hluti af sölu Kaffitárs?

„Rekstur Kaffitárs hvílir á þremur stöðum: Sölu í matvörubúðir, sölu beint til fyrirtækja og rekstri kaffi-húsa. Nýja kaffibrennslan selur til matvörubúða og fyrirtækja en rekur ekki kaffihús.“

Hvað voru kaffihúsin stór hluti af sölunni?

„Salan í kaffihúsunum var um helmingur af heildartekjum. Það er ekki þannig núna heldur er sala til matvöruverslana og fyrirtækja orðin stærri.“

Hvað tók salan á Kaffitári langan tíma?

„Salan tók tæp tvö ár.“

Biðin eftir SKE tók á taugarnar Hvað var tímafrekast?

„Ég vildi standa vel að sölunni og fékk Íslandsbanka, sem var minn viðskiptabanki, til að annast hana. Ferlið var vandað og gott. Það tók mest á taugarnar þegar salan á Kaffitári fór fyrir Samkeppniseftirlitið. Það var búið að skrifa undir; þau vildu kaupa og ég vildi selja, en sú bið tók fimm mánuði. Það reyndi mikið á starfsfólkið því á þeim tíma mátti það ekki taka neinar ákvarðanir eða ráðast í stærri verkefni og alls ekki tala við kaupendurna.“

Á þeim tíma gekk reksturinn ekki nógu vel og því eflaust brýnt að taka ákvarðanir?

„Það var einmitt þannig. Þess vegna var líka gott að selja fyrir-tækið.“

Hafa nýir eigendur breytt miklu í rekstrinum?

„Eins og ég nefndi áðan hafa þau samnýtt í rekstrinum eins og dreifileiðir og lagerhald. Nú er allur lager á sama stað í Reykjavík. Skömmu fyrir söluna höfðum við fest kaup á pökkunarvél sem auka átti hagkvæmni í framleiðslunni. Það hefur sýnt sig. En kaffihúsin eru eins, nema hvað kaffihúsið við Nýbýlaveg var betrubætt og þau opnuðu nýtt kaffihús í Háskólanum í Reykjavík, sem reyndar hefur verið lokað vegna kórónaveirunnar. Að sama skapi lögðu þau niður bak-ariið Kruderi og kaupa þess í stað af öðrum bökurum.

Að því sögðu tel ég að viðskipta-vinir Kaffitárs eigi ekki að merkja neinn mun. Við erum enn að kaupa

sama kaffið af sömu bændum og flestir starfsmenn eru enn hjá fyrir-tækinu.“

Ég á þetta, ég má þetta

Aðalheiður kveðst ánægð með að hafa selt fjölskyldufyrirtæki Kaffi-tár. „Fjölskyldufyrirtæki geta nál-gast reksturinn með öðrum hætti og fylgt sannfæringu sinni en ekki stöðugt rýnt í hvað sé efnahags-reikningnum fyrir bestu. Fyrirtæki sem eru í eigu sjóða eða á hluta-bréfamarkaði geta það ekki.

Kaffitár var til dæmis fyrsta kaffihúsið á Norðurlöndum til að hljóta umhverfisvottun sem ber nafnið Svansvottun fyrir tíu árum. Það var afar kostnaðarsamt og ekki endilega skynsamt út frá efnahags-reikningi fyrirtækisins. En mér þótti ákvörðunin vera rétt, og í ljósi þess að ég átti fyrirtækið ein gat ég einfaldlega sagt: Ég á þetta, ég má þetta. Það er góð tilfinning.“

Er opið á kaffihúsum Kaffitárs þessa dagana í ljósi kórónaveir-unnar?

„Það eru flest kaffihús opin. Staðan er svo endurmetin á degi hverjum eftir því sem nýjar upp-lýsingar berast. Þau sem eru opin eru í Bankastræti, Kringlunni, á Höfðatorgi, Nýbýlavegi og Stór-höfða. Fæstir sitja á kaffihúsum heldur kjósa að taka bollann með, jafnvel þótt það sé búið að fækka borðum og því langt á milli fólks. Það gleður marga að geta sótt sér ljúffengan kaffibolla.“

Betra á öðrum Norðurlöndum Þegar þú hugsar til baka, hvað var mest krefjandi við að reka kaffifyrirtæki?

„Á tímabili þótti mér afar erfitt að greiða háa vexti, mun hærri en koll-egar mínir í nágrannalöndunum. Þá er hið opinbera sífellt að auka kröfur á atvinnurekendur, sérstak-lega í matvælageiranum. Þegar sótt var um veitingaleyfi var komið fram við mann eins og glæpamann. Þá var tryggingagjaldið aðeins lækkað lítillega þó atvinnuleysi hafi nánast ekki verið neitt fyrir skemmstu.

Kollegar mínir í Evrópu velta fyrir sér þróun á kaffiverði og spyrja sig hvort þeir eigi að kaupa kaffi í dag eða á morgun. En fyrir okkur á Íslandi skipti þróun gengis krónu meira máli. Við þurftum því ekki að taka afstöðu til einnar breytu heldur tveggja.

Þegar ég ræði við kollega mína á hinum Norðurlöndunum skín í gegn að rekstrarumhverfið þar er þeim vinveittara en hér á Íslandi. Það er oft talað illa um atvinnu-rekendur, sérstaklega eftir banka-hrunið. Það var eins og við værum öll glæpamenn að reyna að maka krókinn. Þetta viðhorf gat farið ferlega í skapið á mér. Það er ekki svo. Við erum langflest að reyna að standa okkur eins vel og við getum, oft við erfiðar aðstæður. Þess vegna dæist ég að atvinnurekendum sem eru að róa lífróður á meðan kórón-aveiran geisar. Þeir gera allt hvað þeir geta til að halda fyrirtækjunum á floti og halda í starfsmenn. Öllum sem ég þekki og standa í fyrirtækja-rekstri er annt um starfsfólkið sitt. Það er oft ómaklegt hvernig talað er um fyrirtæki og eigendur þeirra. Það þótti mér oft leiðinlegt. Ég reyndi mitt besta.“

Leggja drög að alþjóðlegu sölustarfi

Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Laki Power mun hefja prófanir á eftirlitskerfi sínu í erlendum raforkukerfum. Mikil þörf á rauntímaeftirliti með háspennulínunum. Í viðræðum við erlenda fjárfesta og áforma hlutafjárukningu til að undirbúa alþjóðlegt sölustarf.

Tæknisprotinn Laki Power vill umbylta eftirliti með raforkukerfum. Kerfið sem Laki Power hefur þróað gerir fyrirtækjum sem annast flutning og dreifingu raforku kleift að hafa eftirlit með raforkukerfinu í rauntíma og stuðlar þannig að auknu rekstraröryggi og nýtingu innviða. Prófanir í Noregi og Tyrklandi hefjast á þessu ári, og áformuð er hlutafjárukning með aðkomu erlendra fjárfesta svo unnt sé að hefja alþjóðlegt sölustarf.

„Flutnings- og dreifikerfi raforku spanna yfir 70 milljón kílómetra á heimsvísu en rauntímaeftirlit með þessum mikilvægu innviðum er hins vegar takmarkað,“ segir Sigurjón Magnússon, framkvæmdastjóri Laka Power, í samtali við Markaðinn.

Rekstrarfyrirtæki flutnings- og dreifikerfa raforku þurfa að fylgjast náið með ástandi háspennulína og raffæða þann eftirlitsbúnað sem notaður er. Þær lausnir sem hafa staðið til boða hingað til eru rafstöðvar, sem er óumhverfisvænn kostur, eða aðrar lausnir sem hafa takmarkað rekstraröryggi. Notkun á slíkum lausnum hefur verið takmörkuð, að sögn Sigurjóns, meðal annars vegna kostnaðar.

Laki Power hefur þróað orkunámstækni PowerGRAB sem vinnur raforku frá háspennulínunum án þess að tengjast þeim beint raffræðilega. Það er gert með því að nýta sterkt rafsegulsvið sem umlykur háspennulínur og skilar lausnin allt að 100 sinnum meira afli en aðrar sambærilegar lausnir á markaði. Þá hefur Laki Power hannað eftirlitskerfi, byggt á tækninni, sem hengt er á háspennulínurnar. Kerfið er með myndavélum, hallanema, hitamyndavél, seltunema, veðurstöð og fjarskiptabúnaði.

„Kerfið gerir fyrirtækjum kleift að fylgjast með ástandi háspennulína og haga viðhaldi eftir því. Það hlýst mikill sparnaður af því að vita hvenær þörf er á viðhaldi í stað þess að þurfa að meta þörfina reglulega með dýrari leiðum. Þannig er hægt að lækka rekstrar- og viðhaldskostnað, og stytta viðbragðstíma,“ segir Sigurjón og bætir við að rauntímaeftirlit verði enn mikilvægara eftir því sem hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa eykst.

„Endurnýjanlegir orkugjafar setja mikið álag á gamla raforkuinnviði þar sem vindgarðar framleiða orku þegar vindur blæs og sólargarðar



Laki Power hefur þróað orkunámstækni sem vinnur raforku frá háspennulínunum án þess að tengjast þeim beint raffræðilega. MYND/ADSEND



Sigurjón Magnússon, framkvæmdastjóri Laka Power.

Það hlýst mikill sparnaður af því að vita hvenær þörf er á viðhaldi í stað þess að þurfa að meta þörfina reglulega með dýrari leiðum.

Séríslenskt aðgengi að stórfyrirtæki

Landsnet hefur unnið með Laka Power að vörupróun og prófunum frá því að fyrirtækið var stofnað. Í dag eru tvær frumgerðir í kerfi Landsnets og eiga félögin í viðræðum um frekari útbreiðslu á tækninýjung Laka Power innan íslenska raforkukerfisins.

„Það hefur verið mjög mikilvægt að vinna að þróun kerfisins með fyrirtæki eins og Landsneti frá upphafi og ég held að það sé

séríslenskt fyrirbæri að stórfyrirtæki séu jafnviljug að prófa nýja tækni frá nýsköpunarfyrirtækjum,“ segir Sigurjón.

„Landsnet sér hag sinn í framgangi þessarar tækni vegna þess að það, eins og önnur, glímir við vandamál sem tengjast rekstri og viðhaldi á raforkukerfinu. Það er einnig horft í ríkari mæli til umhverfisvænna lausna sem geta komið í stað eldri útfærslna og bætt nýtingu kerfisins.“

þegar sólin skín. Fyrirsjáanleikinn er oft litill og almennt má segja að það sé krafa um að nýta núverandi innviði betur og auka flutningsgetu kerfisins. Til að gera það þarf rauntímaupplýsingar um ástand kerfisins.“

Útvíkka erlent samstarf

Óskar Valtýsson, sem starfaði áður sem fjarskiptastjóri Landsvirkjunar, stofnaði Laka Power árið 2015

ásamt verkfræðistofunni Mannviti. Næstu þremur árum var varið í þróunarvinnu og prófanir á frumgerðum búnaðarins í raforkukerfi Landsnets.

Laki Power fékk fjármögnun frá Brunni vaxtarsjóði í lok síðasta árs en sjóðurinn er fyrsti fagfjārfestirinn sem kemur að félaginu. Fram að því höfðu eigendur fjārmagnað verkfnið auk þess sem fyrirtækið fékk fjārmagn frá Tækniþróunarsjóði,

Evrópuráðinu og viðskiptahraðlinum Startup Energy Reykjavík.

„Við erum í viðræðum við erlenda fjārfesta og horfum til þess að ráðast bráðlega í hlutafjárukningu til að hefja alþjóðlegt sölustarf á næsta ári. Við erum nú þegar í samstarfi við rekstrarfyrirtæki raforkukerfisins í Noregi og Tyrklandi og gerum ráð fyrir frekara erlendu samstarfi á næstu misserum,“ segir Sigurjón.

Ekki hefðbundin sala

Flest flutningskerfi raforku eru í umsjón opinberra fyrirtækja og því ekki um hefðbundið sölustarf að ræða, að sögn Sigurjóns.

„Aðdragandinn er kannski aðeins lengri og öðruvísi en ef við værum að selja til einkafyrirtækja. Áherslan á þessu ári er því á að sýna fram á sérstöðu tækninnar og virkni eftirlitskerfisins við mismunandi aðstæður með völdum félögum í Evrópu. Hins vegar er það svo að þessi félög eru í miklum samskiptum og samstarfi og því berast fréttir af nýrri og áhugaverðri tækni fljótt.“

thorsteinn@frettabladid.is

A4+

Komdu þér vel fyrir

heima eða á skrifstofunni

ALLT FYRIR VINNUAÐSTÖÐUNA

á skrifstofunni & heima við

Verslaðu á einfaldan hátt á A4.is og fáðu aðstoð söluráðgjafa okkar. Hjá fyrirtækjapjónustu A4 starfa reynslumiklir söluráðgjafar sem veita faglega og persónulega ráðgjöf er varðar innkaup á rekstar- og skrifstofuvörum.

Þú getur pantað á A4.is eða haft samband við söluráðgjafa í síma 580 0000 / panta@a4.is.

Við sjáum um að afgreiða og koma með vörurnar til þín, þú sparar bæði tíma og fyrirhöfn.

Good Good sækir sér 400 milljónir

Salan hefur aukist um 130 prósent það sem af er ári. Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir er á meðal fjögurra fjárfesta sem tóku þátt í hlutafjárukningu félagsins. Einungis þrír starfsmenn eru hjá Good Good. Fyrirtækið útvistar stórum hluta af starfsemi sinni.

Matvælafyrirtækið Good Good, sem selur meðal annars til 1.800 verslana í Bandaríkjunum, var að ljúka við 400 milljón króna hlutafjárukningu. „Það hefur verið góður stígandi í sölnunni. Hlutfæði var aukið til að styrkja sókn okkar í Bandaríkjunum,“ segir Jóhann Ingi Kristjánsson, stjórnarformaður Good Good. Fjórir fjárfestar, þar á meðal Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, sem ekki voru áður á meðal hluthafa, lögðu fyrirtækinu til fé. „Good Good þróar og framleiðir matvörur án viðbættis sykurs, vörur sem vanalega eru með miklum sykri. Vinsælustu vörurnar okkar eru sultur, hnetu- og súkkulaðismyrja, ketóstangir og síróp. Hnetu- og súkkulaðismyrjan okkar þykir víst ekki síðri en Nutella,“ segir Jóhann Ingi í samtali við Markaðinn.

Lítill vörupróun í sultum
Hann segir að fram að þessu hafi ekki verið mikil vörupróun í sultum og í því felist tækifæri Good Good. „Lengi hafa sultur verið framleiddar úr ávöxtum og sykri. Í okkar sultu er ekki sykur heldur náttúruleg sætuefni.“ Eftir hlutafjárukninguna eru stærstu hluthafar Good Good; Lyng sem er móðurfélag Icepharma, Agnar Tryggvi Lemacks ráðgjafi,



Garðar Garðarsson, framkvæmdastjóri, og Jóhann Ingi Guðjónsson.

Svanhildur Nanna fjárfestir og Einar Kristjánsson hagfræðingur. Hópur fjárfesta stofnaði félagið Good Good árið 2015, sem var byggt á grunni Via Health í Hafnarfirði sem framleiddi stevíudropa. Jóhann Ingi segir að salan hafi aukist um rúmlega 50 prósent á Amazon í Bandaríkjunum undanfarnar tvær vikur, sem rekja má til aukinnar netverslunar sem er viðbragð neytenda við kórónaveirunni. „Eftirspurnin eftir vörunum okkar hefur ekki minnkað vegna kórónaveirufaraldursins. Faraldurinn hefur aftur á móti haft áhrif

á innviði KeHE, fyrirtækisins sem dreifir vörunum okkar í Bandaríkjunum. Þau þurfa að endurskipuleggja sinn rekstur til að bregðast við breyttum aðstæðum. Pöntunum hefur farið fjölgandi en við höfum ekki getað mætt eftirspurninni af fullum krafti.“ **Vinsælasta sultan á Amazon** Good Good hefur lagt ríka áherslu á að selja vörurnar á netinu í Evrópu og í Bandaríkjunum. „Sultan okkar hefur oft verið sú vinsælasta á Amazon og þá eru sultur með sykri taldar með. Sá árangur hefur leitt til

Eftirspurnin eftir vörunum okkar hefur ekki minnkað vegna kórónaveirufaraldursins.
Jóhann Ingi Guðjónsson, stjórnarformaður Good Good

Þess að innkaupastjórar stórra matvörukeðja hafa tekið eftir okkur.“ Árið 2018 hóf Good Good að selja stevíudropa í Bandaríkjunum og bauð sulturnar til sölu nokkrum mánuðum síðar. Velta Good Good var 234 milljónir króna í fyrra og tæplega tvöfaldaðist á milli ára. „Það sem af er ári hefur salan aukist um 129 prósent samanborið við síðasta ár. Vöxturinn hefur fyrst og fremst verið í Bandaríkjunum. Smásölumarkaðurinn með matvöru í Bandaríkjunum virkar með þeim hætti að á hverju ári eða svo endurskoða innkaupastjórar vörusitt og reyna að koma auga á eitt-hvað nýtt. Okkar sérstaða er bragðgóðar, sykurlausar og ketóvænar vörur og það skýrir þann mikla árangur sem við höfum náð. Í lok árs 2018 gerðum við dreifingarsamning við KeHE, einn stærsta dreifingaraðila Bandaríkjanna á hollum matvörum,“ segir hann. KeHE er með 16 vöruhús í Banda-

rikjunum og dreifir matvöru til meira en 30.000 verslana. Í samstarfi við KeHE hefur Good Good komið vörunum sínum í sölu hjá stórum keðjum eins og Safeway, SaveMart, Walmart, Lucky’s og Meijer. Eftir eins og hálf árs samstarf við KeHE eru Good Good vörurnar komnar í rúmlega 1.800 verslanir í Bandaríkjunum. Hlutfjárukningin verður meðal annars nýtt til þess að ráða tvo sölustjóra, annan á austurströnd Bandaríkjanna og hinn á vesturströndinni. „KeHE er með um fimm þúsund manns í vinnu og þar á meðal fjölda sölumanna. Hlutverk sölustjóranna okkar verður að tryggja að KeHE og aðrir dreifingaraðilar í Bandaríkjunum rói öllum árum að því að koma vörunum á framfæri. Við það að ráða fólk sem hefur starfað í faginu lengi munum við efla sókn okkar á Bandaríkjamarkað til muna,“ segir hann. **Þrír starfsmenn** Starfsmenn Good Good eru eingöngu þrír. Fyrirtækið útvistar öllu sem ekki snýr að vörupróun, sölu og markaðssetningu. Sultuframleiðslan er til dæmis í höndum hollensks framleiðanda og súkkulaðismyrjan framleidd í Belgíu. Arcur Finance veitti Good Good ráðgjöf varðandi fjármögnun í tengslum við hlutafjárútbóðið. – hvj.

VIÐ VINNUM
FYRIR ÞIG.

Traust | Þekking | Árangur

MAGNA
L Ö G M E N N

LOGMENN@MAGNA.IS | 571 5400 | MAGNA.IS



Förum varlega en hreyfum okkur

Svipmynd Fannar Páll Aðalsteinsson

Menntun:
BSc í viðskiptafræði frá HR.

MSc í Strategic Market Creation frá
Copenhagen Business School.

Störf:
Hóf störf hjá 66°Norður eftir framhaldsnám mitt í Kaupmanna- höfn haustið 2011. Starfaði sem verkefnastjóri í markaðsdeild þangað til ég varð markaðsstjóri árið 2016 og leiði markaðs- og vef- deild fyrirtækisins.

Fannar Páll Aðalsteinsson, markaðsstjóri 66°Norður, er áhugalljósmyndari sem hefur uppgötvað hve gaman er að fara út að hlaupa. Hann telur að á tímum kórónaveirunnar hafi sjaldan verið jafn mikilvægt að halda rútinu og hreyfa sig í fersku lofti. 66°Norður hefur sett saman efni og birt á heimasíðu sinni til að aðstoða fólk við að koma sér af stað og fá hugmyndir að hlaupa- og gönguleiðum í samstarfi við reynda hlaupara.

Hver eru þín helstu áhugamál?
Mér finnst fátt skemmtilegra en að vera innan um fólk og reyni að eyða sem mestum tíma með vinum og fjölskyldu. Ég reyni að ferðast eins og ég get bæði innanlands og erlendis, var á leið til Japans núna í apríl en því miður verður það að bíða betri tíma vegna ástandsins. Ég reyni að stunda fjölbreytta hreyfingu og útivist. Í fyrra uppgötvaði ég fyrst að hlaup eru í alvöru mjög skemmtileg, hljóp mitt fyrsta hálfmaraþon og nú er maður aðeins kominn á bragðið. Ég hef einnig verið að fíkt við golf síðustu sumur og stefni á að halda því áfram í sumar. Svo eru skíða- og gönguferðir bestu friin, en ég reyni að nýta flest tækifæri á veturna til að skíða og á sumrin að komast í gönguferðir. Almenn reyni ég svo að taka myndavélina með í allt en mér finnst mjög skemmtilegt að gleyma mér með myndavélina og vinna myndir í rögleiðum heima.
Hvernig er morgunrútinan þín?
Hún er frekar einföld, ég vakna yfirleitt í kringum klukkan 7, fæ mér vatnsglas og morgunmat og reyni að taka rólegan og yfir-



Fannar Páll segir að á tímum kórónuveirunnar hafi sjaldan verið jafn mikilvægt að halda sér í rútinu og hreyfa sig í fersku lofti. MYND/ADSEND

●● **Þrátt fyrir breyttar forsendur næstu mánuði verður það áfram okkar helsta verkefni að byggja sterkan grunn vörumerkisins til framtíðar, bæði hér á Íslandi og erlendis.**

vegaðan morgun til að forðast að dagurinn byrji í stressi.
Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?
Ef ég hugsa um bók sem hefur haft hvað mest áhrif í vinnunni þá myndi ég segja að það sé bókin Measure what matters eftir

John Doerr en hún er um OKR's (Objectives & Key Results) markmiðasetninguna. Við innleiddum OKR's hjá 66°Norður á síðasta ári og hafa margir góðir hlutir áunnist í kjölfarið. Það er lögð mikil áhersla á hvernig við forgangsroðum og vinnum verkefni. Ég er síðan að lesa bók Andra Snæs, Um tímann og vatnið, þessa dagana og er það sérstaklega áhrifamikil lesning í ljósi stöðunnar í dag.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförnum miss- erum?
Ég myndi segja að það að aðlaga verkefni og plön ársins skyndilega breyttum heimi sé svona það sem stendur upp úr í augnablikinu. Við erum að leggja aukna áherslu á vefverslun og að koma jákvæðum

skilaboðum til okkar viðskiptavina og á sama tíma að fylgja tilmælum og tryggja öryggi starfsmanna og viðskiptavina.
Hver eru helstu verkefni fram undan?

Þrátt fyrir breyttar forsendur næstu mánuði verður það áfram okkar helsta verkefni að byggja sterkan grunn vörumerkisins til framtíðar, bæði hér á Íslandi og erlendis. 66°Norður hefur þróast með þjóðinni í tæp 100 ár og það er markmið allra hjá fyrirtækinu að haga hlutum þannig að það geti áfram þróast og aðlagast næstu 100 árin með ábyrgum hætti þó að það verði áföll og holur á leiðinni.
Ef þú þyrftir að velja annan starfs- frama, hvað yrði fyrir valinu?
Ég held að ég myndi þá læra ljós-

myndun og verða ljósmyndari. Eitt- hvað sem sameinar á skemmtilegan hátt að vinna með fólki en er um leið mjög skapandi.
Hvaða ráð átt þú handa þeim sem langar til að fara út og hreyfa sig á tímum kórónaveirunnar?
Held að það hafi sjaldan verið jafn mikilvægt að halda sér í rútinu og hreyfa sig í fersku lofti. Við hjá 66°Norður ákváðum að setja saman efni undir yfirskriftinni „Förum varlega en hreyfum okkur“ til að aðstoða fólk að koma sér af stað og fá hugmyndir að hlaupa- og göngu- leiðum í samstarfi við Elísabetu Margeirsdóttur og Snjódrífurnar sem standa að Lífskraftsverkefni- nu. Ég hvet fólk til að kíkja á það á 66north.is en þar er að finna mörg góð ráð og æfingaaætlan.

Greiðslustöðvun – mikilvægt lagaúrræði á óvissutímum



Þórhallur Bergmann
lögmaður á LEX

Við þær fordæmalausur aðstæður sem eru uppi í samfélaginu í dag verða mörg fyrirtæki fyrir mikilli tekju- skerðingu, sem vonandi mun þó aðeins vara tímabundið. Í III.–V. kafla laga nr. 21/1991 um gjald- þrotaskipti o.fl. er að finna úrræði sem getur gagnast fyrirtækjum sérstaklega við þessar aðstæður, nánar tiltekið greiðslustöðvun. Greiðslustöðvun er úrræði skuld- ara, sem á í verulegum fjárhags- örðugleikum, til að koma nýrri skipan á fjármál sín. Tilgangur greiðslustöðvunar er að ráða bót á greiðsluörðugleikum, en ekki ann- ars konar fjárhagsörðugleikum, til dæmis því einu, að skuldari býr við neikvæða eignastöðu.

Með greiðslustöðvun er nánar tiltekið átt við ástand, sem kemst

á með því að skuldara er veitt heimild til hennar með dómsúr- skurði. Þetta ástand getur ekki staðið nema um tiltekinn tíma, eða að hámarki sex mánuði og þrjár vikur, og því fylgja lögákveðnar undantekningar frá almennum reglum um athafnafrelsi skuldara og heimildir kröfuhafa í hans garð. Greiðslustöðvun er því tíma- bundið ástand sem veitir skuldara svigrúm til þess að takast á við fjár- hagslega endurskipulagningu. Það er skilyrði greiðslustöðvunar að skuldarinn hafi ráðið sér aðstoð- armann til starfa í þágu hans, ef heimild verður veitt til greiðslu- stöðvunar, en aðstoðarmaður þarf annaðhvort að vera lögmaður eða löggiltur endurskoðandi.

Réttaráhrif greiðslustöðvunar koma fram í 19.–22. gr. gjaldþrota- laga og fela þau í meginatriðum í sér skert athafnafrelsi skuldarans og vernd skuldarans gagnvart kröfuhöfum. Í þessu felst nánar til- tekið að meðan á greiðslustöðvun stendur er skuldarinum óheimilt að ráðstafa eignum sínum eða rétt- indum og stofna til skuldbindinga á hendur sér nema 1) aðstoðarmaður hans veiti fyrir fram samþykki sitt

til þess hverju sinni og 2) heimild standi til slíkrar aðgerðar í 20. eða 21. gr. gjaldþrotalaga. Um vernd skuldarans gagnvart kröfuhöfum er fjallað í 22. gr. gjaldþrotalaga. Þessi vernd felur í sér að ákvæði í samningum eða réttarreglum um afleiðingar vanefnda taki ekki gildi gagnvart skuldarinum á þeim tíma sem greiðslustöðvun stendur yfir, að öðru leyti en því að krefjast má dráttarvaxta, dagsektar eða févitis. Þá nýtur skuldari verndar gagn- vart fullnustugerðum og þvingun- arúrræðum stjórnvalda. Greiðslu- stöðvun girðir þannig meðal annars fyrir að fjárnám verði gert hjá skuldarinum, eign hans verði ráðstafað með nauðungarsölu og bú hans verði tekið til gjaldþrota- skipta að kröfu kröfuhafa.

Litið hefur hefur reynt á greiðslu- stöðvun í framkvæmd í gegnum tíðina. Á vef Dómsfélagslunnar má finna ýmsar tölfræðiupplýs- ingar um héraðsdómstólana. Þar kemur fram að greiðslustöðvunar- beiðnir voru 35 árið 2009 og 13 árið 2010. Á árunum 2011–2018 bárust hins vegar aðeins um ein til fimm greiðslustöðvunarbeiðnir á ári, eða að meðaltali 2,6. Það má því ætla

●● **Það má því ætla að greiðslustöðvun sé almennt vannýtt úrræði við fjárhagserfiðleikum skuld- ara, líkt og nauðasamningar, sem þó reynir meira á í framkvæmd.**

að greiðslustöðvun sé almennt vannýtt úrræði við fjárhagserfið- leikum skuldara, líkt og nauða- samningar, sem þó reynir meira á í framkvæmd.

Telja verður að greiðslustöðvun- arúrræði gjaldþrotalaga henti að mörgu leyti vel við þær óvenju- legu aðstæður sem nú eru uppi, þar sem fyrirtæki eru að glíma við tímabundna tekjuskerðingu og lausafjár vanda. Með greiðslu- stöðvun fá skuldarar tímabundið skjól fyrir kröfuhöfum til þess að koma nýrri skipan á fjármál sín, meðal annars með því að semja um skuldir, hagræða í rekstri, selja

eignir og breyta skuldum í hlutafé, svo eitt hvað sé nefnt. Greiðslu- stöðvunartími getur einnig nýst til undirbúnings fyrir nauðasamn- ingsumleitunar, en nauðasamn- ingur er samningur um greiðslu skulda eða eftirgjöf skulda sem fer eftir VI.–X. kafla gjaldþrotalaga. Að sama skapi getur úrræðið tryggt hagsmuni kröfuhafa, þar sem aðstoðarmanni í greiðslustöðvun er skylt að hafa eftirlit með fjár- reiðum skuldara til að fyrirbyggja að brotið sé gegn heftu athafna- frelsi skuldarans. Úrræðið er því til þess fallið að tryggja jafnræði kröfuhafa, sem og stuðla að því að eignir séu í rikari mæli til staðar, ef allt fer á versta veg og bú skuldara er tekið til gjaldþrotaskipta í kjöl- far greiðslustöðvunar. Það er hins vegar efnahagslega afar mikilvægt að lífvænleg fyrirtæki sem lenda í tímabundnum greiðsluvanda á þessum umrótatímum fari ekki í gjaldþrot með þeim neikvæðu áhrifum sem því fylgja. Í því sam- bandi getur greiðslustöðvunarúr- ræðið haft verulega þýðingu, ásamt öðrum sértækum úrræðum sem stjórnvöld geta gripið til, til þess að koma atvinnulífinu til bjargar.

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu. Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5000 eða sendu póst á orn@frettabladid.is.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



*Prentmæling Gallup, 12 - 80 ára, okt. - des. 2019.
Mannfjöldatölur Hagstofu Íslands 2019

Skotsilfur



Vekur furðu

Ákvörðun fjármálaeftirlits Seðlabankans um að veita Samherja undanþágu frá yfirtöku-skyldu í Eimskip kom mörgum á óvart. Atburðarás síðustu vikna hefur verið hin sérkennilegasta. Aðeins tíu dögum eftir að hafa eignast yfir þrjátíu prósent hlut í flutningarísanum og boðað yfirtökutilboð óskaði útgerðin eftir undanþágu frá yfirtökuskyldunni. Í kjölfarið seldi hún sig niður fyrir yfirtökumörkin og aðeins degi síðar var tilkynnt um þá ákvörðunar stjórnar Eimskips, sem Samherjinn **Baldvin Þorsteinsson** er í forsvari fyrir, að fella afkomuspá ársins úr gildi. Í yfirlýsingu eftirlitsins sagði að með „undanþágunni [væri] ekki gengið á minnihlutavernd annarra hluthafa“. Erfitt er að sjá hvernig hagsmunir minni hluthafa eru tryggðir með því að ekki komi fram yfirtökutilboð. Gengi bréfa Eimskips féll um átta prósent í viðskiptum í gær og stendur nú í 132 krónum á hlut en yfirtökutilboð Samherja hljóðaði upp á 148 krónur.



Gegn nefndinni

Nokkra athygli vakti á aðalfundi VÍS fyrir skemmstu þegar lífeyrissjóðirnir fóru gegn tillögu tilnefningar-nefndar félagsins og kusu **Mörtnu Guðrúnu Blöndal**, yfirlögfræðing ORF Liftækni, til áframhaldandi setu í stjórn. Sem dæmi dreifði Gildi atkvæðum sínum jafnt á Mörtu og Vilhjálmi Egilsson og þá er Lífeyrissjóður verslunarmanna ekki heldur sagður hafa getað sætt sig við þá ákvörðun tilnefningarnefndar að mæla ekki með Mörtu. Stjórnarkjörið sætir þannig tíðindum, enda þekkjust afar fá dæmi þess að lífeyrissjóðir fari gegn slíkum nefndum.




Ný stjórn Stefnis

Guðfinna Helga-dóttir, sérfræðingur í viðskiptaþróun hjá Arion banka, og **Jón Öttar Birgisson**, framkvæmdastjóri Stöpla Advisory, tóku sæti í stjórn Stefnis, dótturfélags Arion banka, á aðalfundi síðasta föstudag. Stjórnin er nú skipuð þremur í stað fimm en Sigrún Ragna Ólafsdóttir gegnir áfram stjórnarformennsku.



Breskur fasteignamarkaður í frosti



Bresk stjórnvöld hafa í reynd sett þarlandan fasteignamarkað í frost. Samkvæmt tilmælum ríkisstjórnarinnar sem kynnt voru í liðinni viku og miða að því að hefta útbreiðslu kórónaveirunnar er fasteignasölum óheimilt að auglýsa nýjar fasteignir og áhugasömum kaupendum meinað að skoða eignir sem þegar eru til sölu. Búist er við að íbúðasala dragist saman um meira en sextíu prósent á næstu þremur mánuðum. MYND/GETTY

Að lifa í núllinu



Agnar Tómas Möller
forstöðumaður
skuldabréfa
hjá Júpiter.

Á því hagsældarskeiði sem hlaut svo snörp endalok í þessum mánuði, rak Seðlabanki Íslands íhalds-sama peningastefnu. Fjármagnseigendur hafa haft það náðugt, einkum þeir áhættufælnu, en meðalraunvextir Seðlabankans voru um 2,5% á árunum 2015-19 á sama tíma og þeir voru neikvæðir í nær öllum öðrum vestrænum ríkjum. Í því neyðarástandi sem við blasir í íslensku efnahagslífi hafa tímarnir snúist við og Seðlabankinn getur haldið uppi loftbrú neikvæðra raunvaxta, frá fjármagnseigendum til innlánseigenda. Áhrifin verða mikil. Á rúmu ári hafa sem dæmi vextir Seðlabankans lækkað úr 4,5% í 1,75% og mánaðarlegur vaxtakostnaður af 40 milljónum króna húsnæðisláni (fljótandi óverðtryggðir vextir) lækkað um 100 þúsund á krónur á sama tíma. Vaxtakostnaður flestra fyrirtækja hefur einnig lækkað umtalsvert og mun lækka áfram samfara áfram-

haldandi vaxtalækkunum Seðlabankans. Það munar um minna!

Föst í lágvaxtaskurði

Á stuttum tíma hafa nær öll þróuð vestræn hagkerfi, sem ekki voru þar þegar, lækkað vexti í eða nálægt núlli – nú síðast frændur okkar Norðmenn sem lækkuðu vexti úr 1% í 0,25% fyrir rúmri viku. Þótt mikil efnahagsleg óvissa sé fram undan eru sumir hlutir þó byrjaðir að skýrast:

■ Á heimsvísu má vænta meiri samdráttar en í fjármálakreppunni 2008. Áhrifin eru langmest á þjónustugeirann og koma fram með hraðari aukningu atvinnuleysis en áður hefur sést.

■ Ólíkt mörgum öðrum efnahagskrísunum, er meiri víska um að efnahagslífið muni taka fyrr við sér á ný þegar verstí kúfurinn gengur yfir.

■ Mikill einhugur er meðal þróaðra ríkja um að auka ríkisútgjöld verulega til að vega á móti efnahagssamdrættinum.

■ Nær allir seðlabankar heims vinna með ríkissjóðum við að hjálpa við fjármögnun hallareksturs með magnbundnum aðgerðum.

■ Ríkisskuldir munu verða hærri til frambúðar á sama tíma og mikið af skuldum einkaaðila verða afskrifaðar.

Meiri óvissa ríkir um hvernig ríki munu bregðast við vaxandi skuldum og fjárlagahalla þegar hið versta verður yfirstaðið. Mörg ríki, þar með talið Ísland, munu vonandi reyna að ná tökum á hallarekstri hins opinbera og minnka skuldir sem hlutfall af þjóðarframleiðslu með auknum hagvexti. Í öðrum ríkjum, eins og Bandaríkjunum og syðri ríkjum Evrópu, svo sem Ítalíu, virðist það einfaldlega ekki vera valkostur. Hagvaxtarhorfur Ítalíu eru daprar og skuldir háar, á meðan aðgerðir Bandaríkjanna eru það umsvifamiklar, bæði af hendi ríkisvaldsins og seðlabankans, að fátt virðist í spilunum næstu árin nema „fjármálakúgun“ (e. financial repression) – það er, vöxtum verður haldið lágum á meðan verðbólgu verður leyft að aukast. Um þetta var seðlabankastjóri bandaríska seðlabankans berorður þegar vextir voru lækkaðir úr 1,25% í 0,25% í einu skrefi í byrjun mánaðarins – þeir myndu ekki hækka á ný fyrr en verðbólga og hagkerfið kæmist á fullt skrið á ný.

Eftirskjálftinn

Fyrstu gráðu áhrifin á íslenskt hagkerfi eru að skýrast, meira en

hellingssamdráttur í komu ferðamanna á árinu er líkleg sviðsmynd og að hagkerfið geti farið í eða yfir 10% samdrátt. Meiri óvissu gætir um 2. og 3. gráðu áhrifin sem fylgja í kjölfarið. Í Bandaríkjunum er ekki einungis verið að loka fyrirtækjum tímabundið heldur mörgum varanlega, og uppsagnir eru ekki bundnar við atvinnugreinar eins og þjónustustörf heldur herra launuð störf, í tæknigeiranum og víðar. Sú þróun er einnig hafin hér og búast má við að hún haldi áfram þótt faraldurinn gangi niður. Þótt einblínt sé nú á áhrif veirufaraldursins, afhjúpar hann einnig þá staðreynd að heimshagkerfið var farið að hægja verulega á sér í upphafi árs og ekki víst að hann hafi verið nauðsynleg forsenda fyrir oliukreppunni sem skall á um svipað leyti. Flest vestræn ríki munu því áfram vera föst í umhverfi neikvæðra raunvaxta meðan eftirskjálftarnir ganga yfir næstu misserin, jafnvel árin.

